

**PART B**  
**GUIDANCE REGARDING THE PROVISIONS OF CHAPTER XI-2 OF THE**  
**ANNEX TO THE INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE SAFETY OF**  
**LIFE AT SEA, 1974 AS AMENDED**  
**AND**  
**PART A OF THIS CODE.**

(ATH: almenn ákvæði í svörtu lettri, sérákvæði varðandi skip í **bláu lettri**, sérákvæði varðandi hafnir í **grænu lettri** og ákvæði sem varða stjórnvöld eru í **fjólubláu lettri**. Texti sem þarfnast sérstakrar skoðunar vegna þýðingar er í **rauðu lettri** og athugasemdir eða spurningar þýðandans eru í **rauðu skáletri**.)

**B-HLUTI ISPS-KÓÐANS**  
**LEIÐBEININGAR VARÐANDI ÁKVÆÐI**  
**KAFLA XI-2 Í VIÐAUKA VIÐ SOLAS SAMÞYKKTINA**  
**OG**  
**A-HLUTA ISPS-KÓÐANS.**

(Í hluta B er notað orðið “should” þar sem um er að ræða leiðbeiningar en ekki kröfur. Í þessari þýðingu er “should” þýtt sem “skal”.)

**1. Inngangur.**

**Almennt.**

- 1.1 Í formála að ISPS-kóðanum kemur fram að kafla XI-2 og A-hluti ISPS-kóðans mynda nýjan alþjóðlegan grunn að ráðstöfunum er hafa að markmiði að auka siglingavernd og sem skapar grundvöll samvinnu milli skipa og hafna með það að leiðarljósi að greina og hindra aðgerðir sem gætu ógnað öryggi í alþjóðlegum siglingum.
- 1.2 Inngangur þessi dregur upp með einföldum og skýrum hætti það ferli sem miðar að því að skilgreina og koma til framkvæmda þeim ráðstöfunum og aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að fullnægja og viðhalda þeim markmiðum/kröfum sem felast í kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans. Inngangurinn skilgreinir helstu þætti sem leiðbeiningarnar byggja á. Leiðbeiningarnar eru tilgreindar í greinum 2 til og með 19. Inngangurinn bendir einnig á þau grundvallaratriði sem tilefni er til að taka tillit til þegar meta skal notkun og gildi leiðbeininganna gagnvart skipum og höfnum
- 1.3 Sé áhugi lesandans fyrst og fremst eða aðeins tengdur skipum, er eindregið ráðlagt að þessi hluti kóðans sé lesinn í heild sinni, sérstakleg að því er varðar ákvæði um hafnir. Sama gildir um þá sem fyrst og fremst eða eingöngu hafa áhuga á þeim ákvæðum sem gilda um hafnir. Þeim er ráðlagt að kynna sér einnig ákvæði þau sem eiga við um skip.
- 1.4 Leiðbeiningar þær sem fram koma í þessum viðauka fjalla fyrst og fremst um verndun skips þegar það er innan hafnar. Það verður hins vegar að gera ráð fyrir að höfn geti stafað hætta af skipi, t.d. með því að nota má tiltekið skip til árasa á önnur skotmörk innan hafnarinnar. Þegar lagt er mat á viðeigandi verndarráðstafanir hafnar gagnvart ógnun frá skipi, er nauðsynlegt að þeir sem annast áhættumat hafnar eða gerð verndaráætlunar hafnar aðlagi efni þessara skjala að þeim leiðbeiningum, sem fram koma í eftirfarandi málsliðum.

1.5 Ekkert í þessum hluta kóðans ber að skilja eða túlka á þann hátt að það geti stangast á við ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta ISPS-kóðans. Jafnframt að viðeigandi ákvæði kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans skuli ávallt gilda ef um hugsanlegt ósamræmi er að ræða sem fyrir mistök leiðir af túlkun orðalags í þessum hluta kóðans. Leiðbeiningar þær, sem fram koma í þessum hluta kóðans, ber ávallt að skilja, túlka og framfylgja með þeim hætti sem tryggir fullt samræmi við markmið, hlutverk og grundvallarskilning kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans.

### Ábyrgð aðildarríkja.

1.6 Samkvæmt ákvæðum kafla XI-2 og ákvæðum A-hluta ISPS-kóðans hvílir á aðildarríkjum viðtæk ábyrgð, sem m.a. nær til eftirfarandi þátta:

- 1.6.1 Tilgreina gildandi vástig (*Er það aðildarríki sem ákveður vástig í höfum eingöngu eða ákveður aðildarríki einnig það vástig sem gildir innan efnahagslögsögu viðkomandi hafnar og það vástig sem gildir um einstök skip, háð því á hvaða siglingaleið þau eru og hvaða farm þau flytja?*);
- 1.6.2 Staðfesta/votta/samþykkja (Approval) (godkjennelse) verndaráætlun skips eða viðeigandi breytingar á eldri/gildandi verndaráætlun skips;
- 1.6.3 Eftirlit (verifyng) (kontrol) með því að skip fullnægi ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans, ásamt því að annast útgáfu Alþjóða siglingaverndarskírteinisins til þeirra skipa;
- 1.6.4 Ákvörðun um hvaða hafnir aðildarríkisins skuli tilnefna verndarfulltrúa, sem ábyrgur er fyrir gerð verndaráætlunar viðkomandi hafnar;
- 1.6.5 Framfylgja kröfu/ákvæðum um gerð og viðurkenningu (udarbeidelse og godkjennelse af ) á áhættumati hafnar og síðari breytingar sem gerðar eru á fyrri/gildandi áhættumati;
- 1.6.6 Staðfesta/votta/samþykkja (Approval)(godkjennelse) verndaráætlun hafna og sérhverjar breytingar á eldri/gildandi verndaráætlun hafnar;
- 1.6.7 Annast eftirlit með því að viðeigandi kröfum sé framfylgt;
- 1.6.8 Gera athuganir og úttektir (testing) (afpröving) á viðurkenndum áætlunum; og
- 1.6.9 Koma viðeigandi upplýsingum og tilkynningum til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, til útgerðargeirans og til hafna.

1.7 Aðildarríki er heimilt að fela eða að koma á fót **tilnefndu stjórnvaldi (Designated authority)** innan stjórnsýslunnar sem annast skuldbindingar aðildarríkisins samkvæmt ákvæðum kafla XI-2 og samkvæmt ákvæðum A-hluta ISPS-kóðans. Jafnframt er aðildarríkjum heimilt að fela viðurkenndum verndaraðila að annast tiltekna skoðanir eða eftirlitsstörf í höfnum, en endanleg ákvörðun varðandi samþykki og viðurkenningu skal þó ávallt liggja hjá aðildarríkinu eða hjá **tilnefndu stjórnvaldi**. Stjórnvöld geta einnig falið viðurkenndum verndaraðila að annast tiltekin verkefni á sviði siglingaverndar skipa. **Hins vegar er stjórnvöldum óheimilt að fela viðurkenndum verndaraðilum eftirfarandi skyldur eða verkefni:**

- 1.7.1 **Ákvörðun um gildandi vástig ( sjá athugasemd að ofan)**
- 1.7.2 **Ákvörðun um hvaða hafnir aðildarríkisins skuli tilnefna verndarfulltrúa og láta útbúa verndaráætlun.**
- 1.7.3 **Annast viðurkenningu (approving) (godkjennelse)á áhættugreiningu hafna og breytinga á eldri áhættugreiningu hafnar;**

- 1.7.4 Annast viðurkenningu á verndaráætlun hafna eða breytinga á eldri verndaráætlun hafnar.**
- 1.7.5 Annast eftirlit með því að viðeigandi kröfum sé framfylgt;**
- 1.7.6 Ákveða við hvaða tilvik og aðstæður krafist skuli útgáfu verndaryfirlýsingar (Declaration of security) og um innihald hennar.**

#### **Ákvörðun um gildandi vástig.**

- 1.8 Aðildarríki ber ábyrgð á því að á hverjum tíma sé í gildi tiltekið vástig sem getur náð til bæði skips og hafna. A-hluti ISPS-kóðans tilgreinir 3 mismunandi vástig. *(Hér kemur ekki fram með afgerandi hætti að það sé aðildarríkið sem ákveður hvaða vástig gildi um borð í tilteknu skipi. Hins vegar virðist ekki gert ráð fyrir að við ákvörðun um vástig sé haft samráð við viðkomandi skip.)* Þau eru:
  - 1.8.1 Vástig 1, eðlilegt ástand, það stig sem gildir þegar allt ástand umborð í skipum og í höfnum er með eðlilegum hætti.
  - 1.8.2 Vástig 2, aukin hætta, sem gildir í þann tíma sem aukin hætta er talin á váatviki/hættulegu atviki eða ástandi.
  - 1.8.3 Vástig 3, sérstök, sem gildir í tiltekinn afmarkaðan tíma þegar veruleg líkindi eru talin á yfirvofandi hættu eða váatviki/hættulegu atviki eða ástandi.

#### **Félagið og skipin.**

- 1.9 Sérhvert félag, sem annast rekstur skips, sem fellur undir ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta ISPS-kóðans, skal tilnefna verndarfulltrúa félags auk verndarfulltrúa skips fyrir hvert það skip sem útgerðin rekur (og sem reglur þessar ná til) *(Þarf að bæta við þar sem skipum undir 500 BT er ekki skylt að framfylgja ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans).* Skyldur, ábyrgð og þjálfunarkröfur sem gerðar eru til þessara verndarfulltrúa og kröfur varðandi verklegar æfingar eru skilgreindar í A-hluta þessa kóða.
- 1.10 Skyldur verndarfulltrúa útgerðar felast m.a. í að sjá svo um að áhættugreining skips sé framkvæmd með fullnægjandi hætti, að verndaráætlun skips sé samin og send til samþykktar hjá viðkomandi stjórnvaldi eða til þess sem til þess hefur umboð og sjá svo síðan um að viðkomandi skjölum sé komið um borð í viðkomandi skip í samræmi við ákvæði A-hluta þessa kóða og í samræmi við skyldur hans sem verndarfulltrúa útgerðar.
- 1.11 Verndaráætlun skips skal tilgreina þær rekstarlegu (operational) og efnislegu (physical) verndaráðstafanir sem viðhafa skal um borð í skipi til tryggingar því að skipið í öllum tilvikum fullnægi og viðhaldi því viðbragðsstigi sem viðhafa skal við vástig 1. Áætlunin skal einnig tilgreina þær sérstöku og auknu ráðstafanir sem koma skulu til framkvæmda um borð í skipinu í þeim tilgangi að lyfta viðbragðsstigi skipsins til samræmis við vástig 2, þegar tilkynning eða fyrirmæli um slíkt berast. Þá skulu enn fremur felast í verndaráætluninni fyrirmæli um þær sérstöku og fyrirbyggjandi ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að bregðast við fyrirmælum um og til að tryggja að viðhaldið sé viðbragðsstigi samkvæmt vástigi 3.
- 1.12 Skip sem falla undir ákvæði kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans, skulu búin verndaráætlun sem samþykkt/vottuð/viðurkennd er af viðkomandi stjórnvaldi eða þeim sem til þess hefur umboð viðkomandi stjórnvalds. Skal rekstur skipsins taka mið að þeirri áætlun. Félagið og verndarfulltrúi skipsins

skulu stöðugt leggja mat á gildi og árangur (relevance and effectiveness) áætlunarinnar með því m.a. að láta fara fram innra mat á gæðum hennar. (internal audits). Sérhverjar breytingar á efni viðurkenndrar/samþykkrar verndaráætlunar, sem að mati stjórnvalda kalla á endurskoðun gildandi verndaráætlunar, skulu sendar stjórnvöldum til umsagnar og samþykktar áður en viðkomandi breytingar eru gerðar á verndaráætluninni og áður en þær breytingar koma til framkvæmda um borð í skipinu.

- 1.13 Skip skulu geta framvísað Alþjóðlegu siglingaverndarskírteini því til staðfestingar að skipið fullnægi ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans. Í A-hluta ISPS-kóðans er að finna ákvæði varðandi staðfestingu og viðurkenningu þess að skip fullnægi ofangreindum ákvæðum á grundvelli frumskoðunar, aðalskoðunar og milliskoðunar.
- 1.14 Þegar skip er í höfn eða kemur til hafnar aðildarríkis, hefur aðildarríkið samkvæmt ákvæðum reglu XI-2/9 heimild til að gera kröfu um tilteknar eftirlits- og verndarráðstafanir gagnvart viðkomandi skipi. Skipið kann að sæta eftirliti hafnarríkiseftirlits, en slíkt eftirlit skal að öllu jöfnu ekki ná til skoðunar á verndaráætlun skipsins nema í sérstökum tilvikum. Heimilt að að gera kröfu um að gerðar séu sérstakar auknar verndarráðstafanir og skoðanir ef aðildarríkið ( sleppi texta sem mér finnst vera tvítekning) sem í hlut á hefur tilefni til að ætla að að verndarráðstafanir skipsins, eða þeirrar hafnar sem skipið hefur áður haft viðkomu í, hafi verið ófullnægjandi.
- 1.15 Um borð í skipinu skulu vera upplýsingar aðgengilegar aðildarríki, ef þess er krafist, þar sem fram kemur hver sé ábyrgur fyrir ráðningu áhafnar þess og hver sé ábyrgur fyrir þeim þáttum er lúta að rekstri skipsins.

## Hafnir.

- 1.16 Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að fram fari áhættumat fyrir sérhverja þá höfn innan aðildarríkisins sem þjónar skipum sem eru í alþjóðlegum siglingum. Aðildarríkið, tilnefnt stjórnvald eða viðurkenndur aðili getur annast gerð þessa áhættumats. Áhættumatið skal háð samþykki aðildarríkisins eða tilnefnts stjórnvalds. Slík samþykki er óheimilt að fela/framselja öðrum. Áhættumat hafnar skal taka til endurskoðunar með jöfnu reglulegu millibili.
- 1.17 Áhættumat hafnar er í grundvallaratriðum áhættugreining á öllum þáttum í rekstri hafnar í þeim tilgangi að greina þá þætti sem þykja viðkvæmir eða veikir og/eða líklegri en aðrir til að verða **skotmark**/( ), ef til ársar kæmi. Mat á áhættu fellst í mati á líkum þess að tiltekinn þáttur í starfsemi hafnar verði fyrir árás og mati á afleiðingum þess ef sá sami þáttur yrði fyrir árás. Áhættumatið skal að lágmarki taka til eftirfarandi þátta:
- 1.17.1 Líkleg ógnun við höfn, hafnarmannvirki eða hafnarstarfsemi (*hér er talað um port installation og infrastructure þegar fjallað er um höfn en ekki landsvæði eins og hugtakið “höfn” er skilgreint í enska texta.*) skal skilgreind og metin.
- 1.17.2 Líklegir veikleikar skilgreindir
- 1.17.3 Afleiðingar tiltekinna atvika/váatvika metnar
- Við lok **áhættugreiningar** skal vera unnt að draga saman heildstætt **áhættumat** fyrir viðkomandi höfn. **Áhættumat skal geta auðveldað ákvörðum um hvaða hafnir skuli tilnefna verndarfulltrúa og hverjum skuli gert að láta útbúa verndaráætlun.** (Hér er gert ráð fyrir að

**Áhættumat sem gert er fyrir hafnir áður en ákvörðun er tekin um hvort höfnin skuli fullnægja ákvæðum samkvæmt ISPS.)**

- 1.18** Þær hafnir, sem ákvörðun er tekin um að skuli fullnægja ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, skulu tilnefna verndarfulltrúa. **Skyldur, ábyrgð og kröfur til þjálfunar slíkra fulltrúa svo og kröfur til æfinga og kröfur varðandi verklegar æfingar eru skilgreindar í A-hluta þessa kóða.**
- 1.19 Verndaráætlun hafnar skal tilgreina þær **rekstarlegu** (operational) og **efnislegu** (physical) verndarráðstafanir sem höfn skal viðhafa til tryggingar því að höfnin í öllum tilvikum fullnægi og viðhaldi viðbragðsstigi sem samsvari því sem viðhafa skal við vástig 1. Áætlunin skal einnig tilgreina þær sérstöku og auknu ráðstafanir sem koma skulu til framkvæmda innan hafnarinnar í þeim tilgangi að lyfta viðbragðsstigi hennar til samræmis við vástig 2, þegar tilkynning eða fyrirmæli um slíkt berast. Þá skulu ennfremur felast í verndaráætluninni fyrirmæli um þær sérstöku og fyrirbyggjandi ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að bregðast fyrirvaralaust við fyrirmælum um og til að tryggja að viðhaldið sé viðbragðsstigi sem viðhafa skal við vástig 3.
- 1.20 Hafnir, sem er gert skylt að fullnægja ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans, **skulu útbúnar og reknar á grundvelli verndaráætlunar** sem samþykkt/vottuð/viðurkennd (godkjent) er af viðkomandi aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi. **Skal rekstur hafnarinnar taka mið að þeirri áætlun.** Verndarfulltrúi hafnarinnar skal sjá til þess að koma ákvæðum verndaráætlunar í framkvæmd og stöðugt leggja mat á gildi og árangur (relevance and effectiveness) áætlunarinnar með því m.a. að láta fara fram innra mat á gæðum og notagildi hennar. (internal audits). Sérhverjar breytingar á efni viðurkenndrar/samþykkrar verndaráætlunar, sem að mati viðeigandi aðildarríkis eða tilnefnds stjórnvalds kalla á endurskoðun gildandi verndaráætlunar, skulu sendar stjórnvöldum til umsagnar og samþykktar áður en viðkomandi breytingar eru gerðar á verndaráætluninni og áður en þær breytingar koma til framkvæmda hjá viðkomandi höfn. Aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi er heimilt að láta fara fram prófun á (nota)gildi og framkvæmd áætlunarinnar. Áhættumat viðkomandi hafnar, sem verndaráætlunin byggir á, skal sæta reglubundinni endurskoðun. Slík endurskoðun kann að leiða til breytinga á fyrri verndaráætlun. Breytingar á tilteknum grundvallarþáttum gildandi verndaráætlun skal bera undir aðildarríki eða tilnefnt stjórnvald til samþykktar.
- 1.21 Skip sem koma til hafnar geta átt von á að sæta eftirliti ríkishafnareftirlits og sérstakra aukinna skoðana í samræmi við reglu XI-2/9. **Viðeigandi stjórnvöld (hvaða stjórnvöld eru það?)** geta krafist þess að upplýsingar um skipið, farm þess, farþega og skipshöfn séu lagðar fram áður en skipið fær heimild til að koma til hafnar. Það geta komið upp aðstæður ~~þar sem heimild til þess að skip komi til hafnar sé hafnað.~~ /að skipi sé neitað um heimild til að koma til viðkomandi hafnar. *(Er hugsanlegt að viðeigandi stjórnvald geti sagt: Við getum ekki fallist á að skipið komi til hafnar A en við föllumst á að skipið komi til hafnar B. Hvar kemur ákvæði um “port of refuse” inn í myndina?)(Hér þarf að skoða hvaða aðrar alþjóðlegar skuldbindingar koma til og hvernig þær falla saman við slíkt ákvæði).*
- 1.22 Í kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða er að finna ákvæði þess efnis að aðildarríki skuli láta Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, í té tilteknar upplýsingar og ákvæði um upplýsingar sem skulu vera tiltækar í þeim tilgangi

að auðvelda samskipti milli aðildarríkja og milli félags, verndarfulltrúa skipa og verndarfulltrúa hafna.

## 2. Skilgreiningar.

- 2.1 Engar leiðbeiningar eru gefnar varðandi þær skilgreiningar sem fram koma í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða.
- 2.2 Í þessum hluta kóðans merkir:
- 2.2.1 “hluti,” “(section)” hluta í A-hluta kóðans og er táknað með “ (hluti A/númer greinar)”
- 2.2.2 “málgrein” “(paragraph)” er málgrein í þessum hluta kóðans og er táknað með “(málgrein)/numer málgreinar)”
- 2.2.3 “aðildarríki” (“Contracting government”) þegar það er notað í málgreinum 14 til 18 aðildarríki þeirrar hafnar sem í hlut á og gildir einnig um tilnefnt stjórnvald. (*ATH í reglum þessum er í sumum tilvikum vitnað í tilnefnt stjórnvald, þ.e. designated authority en í öðrum tilvikum er vitnað í “competent authority” sem er þá væntanlega annað stjórnvald nema af öðru leiði.*)

## 3. Notkun.

### Almennt.

- 3.1 Leiðbeiningar þær sem gefnar eru í þessum hluta kóðans **skulu hafðar til hliðsjónar** við framkvæmd ákvæða kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða. (*Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum virðist sem að Bandaríkjamenn hafi ekki í hyggju að samþykkja neitt minna en að ákvæðum B-hluta sé framfylgt að öllu leyti hvað svo sem fellst í því. Þá er nauðsynlegt í þessu sambandi að huga að ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins sem að sögn muun jafnvel ganga lengra en ákvæði B-hlutans)*
- 3.2 **Við mat og túlkun á ákvæðum þessa hluta kóðans varðandi umfang og eðli skal heimilt að taka tillit til skipsgerðar, farms skipsins, farþega, siglingaleiða og gerðar og eðli þeirra hafna sem skipið hefur viðkomu í.**
- 3.3 Með sama hætti skal heimilt við túlkun og mat á ákvæðum þessa hluta kóðans að taka tillit til hafnarinnar sjálfrar, tegunda þeirra skipa sem hafa viðkomu í viðkomandi höfn, tegund farms, farþega og siglingleiða viðkomandi skipa.
- 3.4 Ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða eru ekki ætluð til nota í höfnum sem eru hönnuð og fyrst og fremst notuð í hernaðarlegum tilgangi.

## 4. Skyldur aðildarríkja.

### Verndun áhættumats og verndaráætlana.

- 4.1 Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að óviðkomandi hafi aðgang að eða geti birt upplýsingar um viðkvæm siglingaverndarmálefni, svo sem áhættumat skipa, verndaráætlun skipa, áhættumat hafna og verndaráætlun hafna og önnur mót eða áætlanir þeim tengdum.

### Tilnefnt stjórnvald.

4.2 Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna stjórnáætlun sem tilnefnt stjórnvald og fela henni þær skuldbindingar á sviði siglingaverndar, sem varða hafnir í samræmi við kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða.

#### **Viðurkenndar verndaraðilar.**

4.3 Aðildarríkjum er heimilt að fela viðurkenndum verndaraðilum að annast tiltekin verkefni á sviði siglingaverndar, svo sem:

- 4.3.1 Viðurkenningu/vottun/samþykki (godkjennelse) (approval) á verndaráætlun skips og breytingar á eldri verndaráætlun þess í umboði stjórnvalda;
- 4.3.2 Eftirlit/skoðanir/vottun (kontrol) (verification) og útgáfu skírteina því til staðfestingar að viðkomandi skip fullnægi ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða í umboði stjórnvalda;og
- 4.3.3 Framkvæmd áhættumats fyrir skip sem krafist er af hálfu stjórnvalda.

4.4 Viðurkenndum verndaraðila er einnig heimilt að veita ráðgjöf, leiðbeina eða aðstoða félög eða hafnir við verkefni er varða siglingavernd, þar með talið áhættumat skips, verndaráætlun skips, áhættumat hafnar, og verndaráætlun hafnar. Þetta getur einnig átt við gerð endanlegs áhættumats eða verndaráætlana fyrir skip og hafnir. Hafi viðurkenndur aðili annast ofangreind verkefni að því er varðar áhættumat skips og verndaráætlun, skal honum ekki vera heimilt að annast viðurkenningu/vottun/ verndaráætlun þess skips. (*Hvernig samræmist þetta ákvæði ákvæði málsliðar 1.7?*)

4.5 Aðildarríki skulu, þegar þau veita viðurkenndum aðilda heimild til að annast skoðanir/vottun/staðfestinga í umboði þeirra, líta til og kanna hæfi viðkomandi verndaraðila til að annast viðkomandi verkefni. Viðurkenndur verndaraðili skal geta sýnt fram á:

- 4.5.1 Sérhæfða þekkingu á viðkomandi sviði siglingaverndar;
- 4.5.2 Viðeigandi þekkingu á skipum og hafnarstarfsemi, þar með talið þekkingu á skipahönnun og smíði skipa, ef um er að ræða verkefni tengd skipum, og þekkingu á hönnun hafna og uppbyggingu þeirra, ef um er að ræða verkefni tengd höfnum;
- 4.5.3 Hæfi til að geta metið líkur á þeirri hættu sem tengist veru skips í höfn og sem snertir tengls skips og hafnar og hvernig lágmarka má slíka hættu;
- 4.5.4 Möguleika hans til að auka og bæta sérþekkingu starfsmanna sinna;
- 4.5.5 Möguleika hans til að geta fylgst með trúverðugleika starfsmanna sinna;
- 4.5.6 Möguleika hans til að halda og viðhalda trúnað og koma í veg fyrir að óviðkomandi hafi aðgang að eða geti birt viðkvæmar upplýsingar um málefni sem tengjast siglingavernd;
- 4.5.7 Þekkingu hans á ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða svo og viðeigandi alþjóðleg lög og landslög og önnur lög er varða siglingavernd;
- 4.5.8 Þekkingu hans á þeim ógnunum sem siglingar búa við og birtingarformum hennar;
- 4.5.9 Þekkingu hans á vopnum, greiningu og leit þeirra, hættulegum eignum og búnaði;
- 4.5.10 Þekkingu hans á dæmigerðu atferli og hegðan þeirra sem líklegir eru til að ógna öryggi (on a non-discriminatory basis);
- 4.5.11 Þekkingu hans á þeirri tækni og aðferðum sem notuð er til að beita blekkingum við öryggis- og verndareftitlit;

#### 4.5.12 Þekkingu hans á eftirlits- og vöktunarbúnaði og tengdum kerfum og annmörkum á notkun þess búnaðar við öryggiseftirlit.

Þegar aðildarríki, þar með talið viðkomandi stjórnvöld, framselur tiltekna skuldbindingar í hendur viðurkenndum verndaraðila, skulu aðildarríki fullvissa sig um að hinn viðurkenndi verndaraðili hafi þá þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að hann geti annast það verkefni.

4.6 Verndaraðila, samkvæmt skilgreiningu reglu I/6, sem fullnægir ákvæðum reglu XI-1/1, er heimilt að tilnefna sem “Viðurkenndur verndaraðili” að því tilskyldu að hann hafi viðeigandi sérþekkingu á málefnum siglingaverndar í samræmi við ákvæði málsgreinar 4.5

4.7 Heimilt er að tilnefna höfn, hafnaryfirvöld eða rekstarverndaraðila hafnar sem viðurkenndan verndaraðila að því gefnu að hann hafi viðeigandi sérþekkingu á þeim atriðum sem tilgreind eru í málsgrein 4.5.

### Ákvörðun um gildandi vástig.

4.8 Þegar meta skal og taka ákvörðun um það vástig sem í gildi skal vera hverju sinni, skulu aðildarríki taka tillit til bæði almennra og sérstakra upplýsinga um hugsanlegar ógnanir. Aðildarríki skulu tilgreina eitt af þremur vástigum er gilda skulu fyrir skip og hafnir (*Hér virðist því slegið föstu að það séu stjórnvöld sem ákveða það vástig sem í gildi er, bæði í höfnum og á skipum. Það er því spurning hvort félag eða verndarfulltrúi skips geti ákveðið hvaða vástig sé í gildi um borð í skipi félags*):

4.8.1 Vástig 1, eðlilegt ástand, það stig sem gildir þegar allt ástand umborð í skipum og í höfnum er með eðlilegum hætti.

4.8.2 Vástig 2, aukin hætta, sem gildir í þann tíma sem aukin hætta er talin á váatviki/hættulegu atviki.

4.8.3 Vástig 3, sérstök hætta, sem gildir í tiltekinn afmarkaðan tíma þegar veruleg líkindi eru talin á yfirvofandi hættu eða váatviki/hættulegu atviki eða ástandi.

4.9 Ákvörðun um að lýsa yfir/ákveða vástigi 3 skal heyra til undantekninga og aðeins gert þegar fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar þess efnis að skipum eða/og höfnum sé líklega ógnað að sú ógn sé yfirvofandi. (~~Þess efnis að váatvik sé líklegt og yfirvofandi~~). Ákvörðun um að lýsa yfir/ákveða vástig 3 skal aðeins gilda svo lengi sem hin tilkynnta/meinta ógn telst vera til staðar eða þar til váatvik er afstaðið. Þó svo tilkynnt vástig breytist úr vástigi 1 í vástig 2 og þaðan í vástig 3, er ekkert því til fyrirstöðu að tilkynnt vástig 1 breytist beint í vástig 3.

4.10 Skipstjóri skips er ávallt sá sem ber endanlega ábyrgð á öryggi og vernd þess. Skipstjóri getur við móttöku tilkynningar um vástig 3 óskað skýringa og nánari upplýsinga um forsendur tilkynningar og jafnframt óskað eftir að fyrirmælum þess, sem þau gaf út á grundvelli yfirvofandi váatviks eða yfirvofandi ógnar, breyti þessum fyrirmælum, hafi hann tilefni til að ætla að móttekin fyrirmæli og nauðsynlegar ráðstafanir til að verða við þeim, geti stefnt öryggi skipsins í voða. (*Ekki alveg ljóst hvað fellst nákvæmlega í ákvæði liðar 4.10. Það virðist sérkennilegt að hafa ákvæði sem gerir skipstjóra að öllu leyti ábyrgan við öryggi skips og vernd þess, en síðan geta þess að skipstjóri **geti** leitað upplýsinga til annarra aðila. Hann þarf þá væntanlega að geta treyst þeim upplýsingum. Réttara væri að skipstjóri ætti ávallt rétt á að fá allar þær upplýsingar sem tiltækar eru til að hann geti lagt*



*mat á verndarráðstafanir. Ef hins vegar fyrirmæli hafnar með einhverjum hætti eru þess eðlis að skipstóri geti ekki orðið við þeim nema að stefna öryggi skipsins í hættu, ætti hann að hafa rétt á að gera þeim sem fyrirmælin gaf grein fyrir stöðunni og óska eftir að fyrirmælin verði endurskoðuð í ljósi aðstæðna, þ.e. að sá sem á að endurskoða fyrirmælin þekki til aðstæðna skipsins og geti á grundvelli þess breytt fyrirmælum gagnvart þessu tiltekna skipi)*

4.11 Verndarfulltrúi útgerðar, CSO, eða verndarfulltrúi skipsins, SSO, skal eins skjótt og kostur er ná sambandi við verndarfulltrúa þeirrar hafnar sem ráðgert er að skipið komi til, PFSO, varðandi staðfestingu/ákvörðun á því vástigi sem gilda skuli um viðkomandi skip þegar það kemur til hafnarinnar. Eftir að samband er komið á milli skips og hafnar, skal verndarfulltrúi hafnarinnar, PFSO, stöðugt greina skipinu frá þeim breytingum sem kunna að verða á vástigi hafnarinnar og veita skipinu alla viðeigandi upplýsingar varðandi siglingavernd. Gera skal ráð fyrir að vástig sem gildir um tiltekið skip geti verið hærra en vástig þeirrar hafnar sem skipið er á leið til, en skip getur aldrei haft lægra vástig en það vástig sem í gildi er í viðkomandi höfn. Hafi skip hærra vástig (viðbúnað miðað við hærra vástig) en höfn sú sem skipið hyggst koma til, skulu verndarfulltrúi félags, CSO, og verndarfulltrúi skips, SSO, gera verndarfulltrúa hafnar, PFSO, viðvart án tafar. Verndarfulltrúi hafnar, PFSO, skal leggja mat á aðstæður í samráði við CSO og SSO og þeir síðan leita samkomulags um viðeigandi aðgerðir gagnvart skipinu, sem m.a. geta falið í sér gerð verndaryfirlýsingar

4.12 Aðildarríki skulu hugleiða með hvaða hætti unnt sé að birta upplýsingar um breytingar á vástigi með sem skjótustum/fljótverkustum hætti. Stjórnvöld gætu kosið að nota Navtex skeyti eða “Notices to Mariners” í þeim tilgangi að tilkynna um breytingar á vástigi til skipa, til verndarfulltrúa félags, CSO og til verndarfulltrúa skips, SSO. Þau gætu hins vegar kosið að nota einhverjar aðrar leiðir/aðferðir sem eru skjótvirkari og markvissari. Aðildarríki skulu gera ráðstafnir/ koma á verklagsreglum til að tilkynningar berist verndarfulltrúa hafnar, PFSO, um hverjar breytingar á vástigi. Aðildarríki skulu setja upp og viðhalda lista yfir þá aðila sem þurfa að fá í hendur tilkynningar um breytingar sem kunna að verða á vástigi hafnarinnar. Hafa skal í huga að upplýsingar um það vástig sem í gildi er eða um breytingar á vástigi þarf ekki nauðsynlega að skoða sem trúnaðarmál. Hins vegar ber að fara með undirliggjandi upplýsingar um meint váatvik og hugarlegar ógnanir sem mjög viðkvæmar upplýsingar. Aðildarríki skulu því huga gaumgæfilega að innihaldi og nákvæmni þeirra upplýsinga sem þau opinbera og að þeim aðferðum sem þær nota við birtingu þeirra gagnvart verndarfulltrúum skipa, SSO, verndarfulltrúum félaga, CSO og verndarfulltrúum hafna, PFSO.

### “Contact points= Tengiliðir” og upplýsingar um verndaráætlun hafna.

4.13 Þegar höfn hefur lokið við gerð verndaráætlunar, skal upplýsingum þar að lútandi komið til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, auk þess sem slíkum upplýsingum skal komið á framfæri við verndarfulltrúa félaga, CSO, og verndarfulltrúa skipa, SSO. Ekki er nauðsynlegt að láta af hendi aðrar upplýsingar er þær að slík áætlun sé til staðar. Aðildarríki ættu að taka til skoðunar að koma á miðlægum gagnagrunni á landsvísu eða svæðisbundinn eða gera aðrar þær ráðstafanir með það að markmiði að koma réttum

upplýsingum um þær hafnir sem hafa gildandi verndaráætlun, ásamt upplýsingum um tengilið hafnarinnar og verndarfulltrúa, PFSO, viðkomandi hafnar á framfæri. Þar ættu einnig að vera tiltækar upplýsingar um viðurkennda verndaraðila sem tilnefndir eru til starfa í umboði viðkomandi aðildarríkja ásamt upplýsingum um þá ábyrgð og þau skilyrði sem viðkomandi viðurkenndum aðilum hafa verið sett varðandi starfsheimildir þeirra. (*Þurfa ekki þessar upplýsingar nauðsynlega að vera tiltækar á sérstökum vef sem IMO kemur sér upp?*)( *Er hér verkefni fyrir íslenska aðila til að taka að sér að vista heimasíðu með þessum upplýsingum*).

4.14 Ef um er að ræða höfn sem ekki hefur gilda verndaráætlun (og þá ekki tilnefndan PFSO), ber að tilgreina í miðlægum eða svæðisbundnum gagnagrunni þá verndaraðila eða sérfróðan mann sem hefur til þess þekkingu og hæfi til að geta skipulagt viðeigandi verndarráðstafanir í þeirri höfn, ef á þarf að halda, í þann tíma sem skipið er þar við bryggju. (ATHATHATH)

4.15 Aðildarríki skulu einnig upplýsa opinberlega hvert verndarfulltrúar skipa, SSO, verndarfulltrúar félaga, CSO, og verndarfulltrúar hafna, PFSO geta snúið sér, tengiliði, í þeim tilgangi að tilkynna um þætti sem varða siglingavernd. Þeir embættismenn og tengiliðir aðildarríkja sem hafa það hlutverk að taka á móti slíkum tilkynningum, skulu meta þær upplýsingar sem þannig berast áður en ákvörðun er tekin um aðgerðir. Slíkar tilkynningar kunna að fela í sér eitthvað það sem heyrir undir ábyrgð og valdsvið annarra aðildarríkja. Í slíkum tilvikum skal aðildarríki leggja mat á tilefni þess að hafa samband við viðkomandi aðildarríki í þeim tilgangi að ræða hvaða mótvægisáðgerðir kunni að vera viðeigandi. Í þessum tilgangi skulu viðeigandi upplýsingum um viðkomandi embættismenn komið á framfæri við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO Aðildarríkjum ber að koma upplýsingum þeim sem getið er um í liðum 4.14 til og með 4.16 á framfæri við önnur aðildarríki, komi fram beiðni um slíkt.

#### **Skilríki embættismanna.**

4.16 Aðildarríki eru hvött til að gefa út viðeigandi skilríki til handa þeim opinberu starfsmönnum sem hafa heimilt til að fara um borð í skip og inn á hafnarsvæði til að sinna skyldustörfum sínum. Með sama hætti skal koma á verklagsreglum varðandi könnun og staðfestingu á gildi slíkra skilríkja.

#### **Fastir og fljótandi borpallar og færanlegir borpallar þegar þeir eru á borstað.**

4.17 Aðildarríki skulu leggja mat á hvort tilefni sé til að koma á viðeigandi verndarráðstöfunum varðandi fasta og fljótandi palla og færanlega borpalla þegar þeir eru að störfum í þeim tilgangi að veita þeim heimild til að viðhafa tengsl við skip sem falla undir ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða.<sup>1</sup>

(<sup>1</sup>Vísað er til samkomulags varðandi viðeigandi ráðstafanir til að auka vernd skipa, hafna, færanlegra borpalla á vinnslusvæði og föstum og fljótandi pöllum sem ekki falla undir kafla XI-2 og sem staðfest var af ráðstefnu um siglingavernd í ályktun 7. )

#### **Skip, sem ekki er skylt að fullnægja ákvæðum A-hluta þessa kóða.**

**4.18** Aðilarríki skulu leggja mat á hvort tilefni sé til að koma á viðeigandi verndarráðstöfunum varðandi þau skip sem falla ekki undir ákvæði kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans og þar með tryggja að þau ákvæði varðandi siglingavernd sem um þau skip muni gilda, veiti þeim þar með heimild til að viðhafa tengsl við þau skip, sem falla undir ofangreind ákvæði. (*Hér er fjallað um non-convention skip og óbeint gert ráð fyrir að þau geti haft einhvers konar verndaráætlun.*)

### **Ógnanir við skip og önnur váatvik á hafi úti.**

**4.19** Aðildarríki skulu gefa út almennar leiðbeiningar varðandi þær ráðstafanir sem kunna að vera viðeigandi og sem eru til þess fallnar að draga úr þeirri ógn, sem skipum skráðum í viðkomandi ríki kann að vera búin, þegar þau eru á siglingu. Leiðbeiningarnar skulu veita nákvæmar leiðbeiningar um þær ráðstafanir sem grípa skal til við vástig 1 til 3 (eða “við að koma á verndarstigi sem svarar til vástigs 1 til 3”), þegar:

**4.19.1** Breytingar verða á vástigi skips þegar það er í hafi t.d. vegna þess hafsvæðis sem skipið siglir um eða vegna skipsins sjálfs; og

**4.19.2** Upp kemur váatvik eða atvik sem felur í sér ógnun við skipið, þegar það er í hafi.

Aðildarríki skulu tilgreina heppilegustu og bestu leiðir eða ráðstafanir í slíkum efum. Ef um er að ræða fyrirvaralaus árás á skip, ber að leggja áherslu á að ná beinu sambandi við þann fulltrúa fánaríkisins sem hefur það hlutverk að bregðast við tilkynningum um vávik, tilkynningum um að skipi sé ógnað o.s.fr..

**4.20** Aðildarríki skulu tilnefna “tengilið” (point of contact) sem veitir aðstoð og leiðbeiningar varðandi siglingavernd þeirra skipa, sem:

**4.20.1** Eru skráð í aðilarríkinu; eða

**4.20.2** Eru stödd í lögsögu aðildarríkisins eða sem tilkynnt hafa um að þau hyggist sigla inn í lögsögu þess.

**4.21** Aðildarríki skulu veita skipum sem eru innan lögsagnar þeirra eða sem hafa tilkynnt að þau hafi í hyggju að sigla inn í lögsögu þeirra ráðgjöf sem gæti m.a. falist í:

**4.21.1** Ráðgjöf varðandi breytingar á ferðum skipanna eða frestun þess að þau komi inn í lögsöguna;

**4.21.2** Að sigla tiltekna siglingaleið eða að sigla að tilteknu svæði eða stað;

**4.21.3** Möguleikum þess að koma búnaði eða mönnum um borð í skipið; og

**4.21.4** Samræmingu á aðgerðum, við komu skips til hafnar eða brottför þess eða siglingu þess um lögsöguna, að því er varðar að veita skipum fylgd hvort heldur úr lofti eða af sjó.

Aðildarríki skulu tilkynna og áminna skip, sem sigla um lögsögu þeirra eða hafa tilkynnt um að þau hafi slíkt í hyggju, um þau hafsvæði þar sem umferð skipa er tímabundið bönnuð.

**4.22** Aðildarríki ættu að koma þeim tilmælum á framfæri við þau skip, sem sigla innan lögsögu þeirra eða sem tilkynnt hafa um að þau hafi í hyggju að sigla inn í lögsögu þeirra, að þau tafarlaust grípi til tiltekinna fyrirbyggjandi ráðstafana sem aðildarríkið hefur mælt fyrir um í þeim tilgangi að vernda skipið eða önnur nálæg skip fyrir aðsteðjandi ógn.

**4.23** Ráðstafanir þær sem aðildarríki skulu grípa til í þeim tilgangi að fullnægja ákvæðum málsliðar 4.22, skulu m.a. fela í sér upplýsingar um þann “tengilið” í viðkomandi aðildarríki sem er tiltækur 24 klst á sólarhring, (þ.e.

hvert megi snúa sér varðandi sólarhringsvöktun stjórnvalda). Slíkar upplýsingar skulu einnig hafa að geyma upplýsingar um við hvaða aðstaður aðildarríkið telur þörf á að leita aðstoðar nálægra grannríkja svo og leiðbeiningar um hvernig koma skuli á viðræðum milli verndarfulltrúa hafnar, PFSO, og verndarfulltrúa skipa, SSO.

### Valkvæðar verndarráðstafanir.

4.24 Þegar aðildarríki leggja mat á með hvaða hætti þau hyggjast innleiða ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, er þeim heimilt að gera samkomulag við önnur aðildarríki, eitt eða fleiri, um tilhöfum valkvæðra öryggisráðstafanna. Slíkt samkomulag takmarkast við skip sem eru í stuttum alþjóðlegum siglingum á föstum áætlunarleiðum milli hafna viðkomandi aðildarríkja. Við gerð slíks samkomulags skal leita álits annarra aðildarríkja sem kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi slíkt samkomulag. Skipi, sem er í áætlunarsiglingum á slíkri fastri siglingleið en sem skráð er í ríki sem ekki er aðili að slíku samkomulagi, skal því aðeins veitt heimild til slíkra áætlunarsiglinga samkvæmt valkvæðum verndarráðstöfunum að stjórnvöld fánaríkis skipsins veiti samþykki sitt fyrir slíku fyrirkomulagi og að skipið lúti sömu kröfum og ef það hefði verið skráð í einu aðildarríkja samkomulagsins. Slíkt fyrirkomulag má aldrei leiða til þess að siglingavernd annarra skipa eða hafna gagnvart ógnunum verði skert. Þau skip sem annast siglingar á grundvelli valtækra verndarráðstafana, mega aldrei vera þátttakendur í tengslum skipa á hafi úti, sem ekki eru hluti slíks samkomulags. (*Hvað ef skip biður um aðstoð eða ef um neyð er að tefla?*). Sérhver rekstarleg tengsl skipa, sem eru þátttakendur í slíku samkomulagi, skulu vera hluti samkomulagsins (?????). Sérhvert slíkt samkomulag skal sæta stöðugu eftirliti og breytingum þegar þörf er á, þó aldrei sjaldnar en á 5 ára fresti.

### Jafngildar verndarráðstafanir fyrir hafnir.

4.25 Í einstökum höfnum þar sem umferð skipa er lítil og starfsemi sérhæfð, án þess að um tilfallandi ferðir skipa sé að ræða, má beita viðeigandi verndarráðstöfunum sem teljast ígildi þess að viðeigandi ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta kóða þessa sé framfylgt. Þetta getur sérstaklega átt við um viðlegukanta við verksmiðjur eða bryggjustæði þar sem umferð er takmörkuð. (*Spurningin er sú hvort þetta ákvæði getur ekki átt við um flestar hafnir í Íslandi nema ef til vill Reykjavík og Hafnarfjörð.*)

### Öryggismönnun.

4.26 Við ákvörðun stjórnvalda um öryggismönnun skipa ber að taka tillit til þess að lágmarksmönnun skips<sup>2</sup>, sem fjallað er um í reglu V/14<sup>3</sup> tekur aðeins til öruggrar siglingar skipsins milli hafna. Stjórnvöld skulu einnig hafa til hliðsjónar önnur verkefni m.a. þau sem felast í framkvæmd verndaráætlunar skipsins og ganga úr skugga um að skipið sé nægilega vel mannað. Við mat á því skulu stjórnvöld staðfesta að unnt sé að framfylgja ákvæðum um lágmarkshvöld og aðrar ráðstafanir til að fyrirbyggja ofþreytu í samræmi við gildandi landslög þegar öllum skyldustörfum hefur verið úthlutað til einstakra skipverja.

<sup>2</sup>Vísað er til ályktunar IMO varðandi aukið öryggi á sjó sem samþykkt var á ráðstefnu um öryggis á sjó með ályktun 3, þar sem IMO er m.a. falið að taka ályktun A.890 (21) um þær verklagsreglur sem viðhafa skal við ákvörðun á öryggismönnun skipa til endurskoðunar. Sú endurskoðun getur leitt til breytinga á reglu V/14.

<sup>3</sup>Sem var í gildi þann dag sem kóði þessi var staðfestur.

### Eftirlit og ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum.

- 4.27** Regla XI-2/9 tilgreinir þær eftirlitsráðstafanir og ráðstafanir sem viðhafa má til að framfylgja þeim ákvæðum sem gilda um skip samkvæmt kafla XI-2. Slíkum ákvæðum er skipt í 3 flokka; eftirlit með skipum í höfn, eftirlit með skipum, sem eru á leið til hafnar í öðrum aðildarríkjum, og sérstökum auknum ráðstöfunum sem eiga við um báða fyrrgreinda flokka.
- 4.28** Regla XI-2/9.1 gildir um eftirlit með skipum í höfn og hefur að geyma ákvæði um tilhögun eftirlits með skipum þegar þau eru í erlendri höfn og þar **sem eftirlitsfulltrúi aðildarríkisins (duly authorized officer of the contracting government)** hefur heimild til að fara um borð í viðkomandi skip í þeim tilgangi að staðfesta skírteini þau, sem þar skulu vera til staðar, séu í gildi. Ef síðan tilefni er til að ætla (clear grounds for believing) að skipið fullnægi ekki gildandi reglum, má beita sérstökum ráðstöfunum svo sem sérstökum ítarlegri skoðunum eða farbanni. Slíkar ráðstafanir skulu byggja á gildandi eftirlitskerfi með ástandi skipa. Regla XI-2/9.1 byggir á slíku eftirlitskerfi og heimilar að gripið sé til sérstakra ráðstafana (þar með talið að gera skipið brottrækt úr höfn) þegar og ef fulltrúi stjórnvalda hefur tilefni til að ætla (clear grounds for believing) að skipið fullnægi ekki ákvæðum kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða. Regla XI-2/9.3 tilgreinir þær ráðstafanir sem eiga að tryggja sanngjarna og hlutfallslega (proportionate) beitingu slíkra ráðstafana.
- 4.29** Regla XI-2/9.2 veitir heimild til að viðhafa eftirlitsráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja að skip, sem leita hafnar í öðru aðildarríki, fullnægi viðeigandi skilyrðum/reglum og felur þar með í sér algerlega nýja sýn á tilhögun eftirlits í samræmi við kafla XI, sem lýtur að siglingavernd eingöngu. Samkvæmt þessari reglu er heimilt að grípa til ráðstafana gagnvart skipum áður en þau koma til hafnar í þeim tilgangi að auka/efla siglingavernd. Með sama hætti og í reglu XI-2/9.1 er það skilyrði sett fyrir slíku sérstöku auknu eftirliti, að fyrir hendi sé með ótvíræðum hætti grunur (clear grounds for believing the ship does not complying with) um að viðkomandi skip fullnægi ekki ákvæðum kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða og tekur til sérstakra verndarráðstafana samkvæmt málslíðum XI-2/9.2.2 og XI-2/9.2.5 auk XI-2/9.3.
- 4.30** Með hugtakinu “ótvíræður grunur um að skip fullnægi ekki gildandi reglum”, (clear grounds that a ship is not in compliance) er átt við sannanir eða mjög áreiðanlegar upplýsingar þess efnis að skipið fullnægi ekki ákvæðum kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða. **Slíkar sannanir eða áreiðanlegar upplýsingar (evidence or reliable information)** geta komið fram við eftirlit tilnefnds eftirlitsfulltrúa (duly authorized officer’s professional judgement) (*Hver er þessi “officer”, hver tilnefnir hann, hvaðan kemur hann og undir hvern heyrir hann?*) á grundvelli reynslu hans og faglegs mats á aðstæðum eða við framkvæmd eftirlits er hafi þann tilgang að staðfesta gildi alþjóðlegs siglingaöryggisskírteinis, ISSC-skírteini, eða alþjóðlegs bráðabirgðasiglingaöryggisskírteinis, sem útgefin eru út í samræmi við ákvæði A-hluta þessa kóða eða með sönnunum eða áreiðanlegum upplýsingum sem

aflað er með öðrum jafngildum hætti. Jafnvel þó svo að skírteini skips séu í gildi, skal það ekki koma í veg fyrir að eftirlitsfulltrúinn (duly otherized officer) á grundvelli reynslu sinnar og faglegs mats á aðstæðum hafi þrátt fyrir það tilefni til að ætla (ótvíræðan grun um) að viðkomandi skip fullnægi ekki viðeigandi reglum.

- 4.31 Sem dæmi um “tilefni til að ætla” eða “ótvíræðan grun um” í reglum XI-2/9.1 og XI-2/9.2 má nefna eftir því sem við á:
- 4.31.1 Sannanir sem fram koma við skoðun skírteina þegar þau reynast útrunnin eða ekki gild.
- 4.31.2 Sannanir fyrir eða áreiðanlegar upplýsingar um alvarlega annmarka á eða vanhæfni að því er varðar búnað/aðgerðir til verndar aðsteðjandi ógn, (*security equipment, hvað er nákvæmlega átt við með því annað en vákallsbúnaður?*) annmarkar við skjöl eða færslu þeirra eða við framkvæmd eða aðgerðir í samræmi við ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.
- 4.31.3 Móttaka skýrslu eða kvörtunar sem eftirlitsfulltrúinn (duly authorized officer) á grundvelli reynslu og faglegs mats telur áreiðanlegar upplýsingar og gefi til kynna að skipið fullnægi ekki ákvæðum XI-2 eða A-hluta þessa kóða.
- 4.31.4 Sönnun eða eigið mat eftirlitsmanns (duly authorized officer), byggt á faglegri reynslu hans, þess efnis að skipstjóri skipsins eða áhöfn þekki ekki til helstu verndarráðstafana sem felast í verndaráætlun skipsins, eða að hún sé ekki fær um að framkvæma (geta ekki framkvæmt) æfingar í samræmi við áætlunina eða að æfingar hafi ekki verið haldnar um borð í skipinu.
- 4.31.5 Sönnun eða eigið mat eftirlitsmanns (duly authorized officer) byggt á faglegri reynslu hans þess efnis að skipverjar, sem gegna lykilhlutverki (key members ship's personnel, hvað er það nákvæmlega?) um borð séu ekki færir um að eiga samskipti við aðra þá sem einnig gegna lykilhlutverki að því er varðar framkvæmd verndarráðstafana um borð í skipinu.
- 4.31.6 Sönnun eða áreiðanlegar upplýsingar þess efnis að fólk, vörur eða vistir hafi verið tekin um borð í skipið í annarri höfn eða frá öðru skipi með þeim hætti sem stangast á við ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða, án þess að verndaryfirlýsing (declaration of Security) hafi verið gefin út, án þess að gripið hafi verið til sérstakra aukinna öryggisráðstafana og án þess að skipið hafi viðhaft viðeigandi verndarráðstafanir.
- 4.31.7 Sönnun eða áreiðanlegar upplýsingar þess efnis að fólk, vörur eða vistir hafi verið tekin um borð í skipið í annarri höfn eða með öðrum hætti (með öðru skipi eða þyrlu) þar sem sú höfn eða sá annar staður þaðan sem fólk, vörurnar eða vistirnar komu frá, fullnægi ekki ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og án þess að gripið hafi verið til sérstakra eða auknar ráðstafanir og án þess að skipið hafi viðhaft viðeigandi verndarráðstafanir.
- 4.31.8 Þegar alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini er lagt fram og sem útgefið er í samræmi við ákvæði hluta A/19.4 og þegar slíkt skírteini að mati eftirlitsfulltrúans (duly authorized officer) á grundvelli faglegrar reynslu hans hefur verið gefið út í þeim tilgangi að komast hjá því að fullnægja ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða að fullu og öllu leyti í samræmi við ákvæði reglu A/19.4.4.

- 4.32** Afleiðinga af reglu XI-2/9 ber að meta sérstaklega með tilliti til þess að ákvæði þeirrar reglu kunna að vera í andstöðu við ákvæði alþjóðlegra laga og ber í þeim tilvikum að framfylgja ákvæðum hennar með hliðsjón af reglu XI-2/2.4. Þær aðstæður geta hugsanlega skapast að þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglu XI-2/9 samræmist ekki ákvæðum kafla XI-2 (which fall outside the scope of), eða að réttur skipa, sem ekki falla undir ákvæði kafla XI-2, sé brotinn. Ákvæði reglu XI-2/9 skulu af þessum sökum ekki koma í veg fyrir að aðildarríki heimili ráðstafanir á grundvelli og í samræmi við ákvæði alþjóðalaga í þeim tilgangi að treysta öryggi og vernd manna, skipa, hafna og hvers konar eigna, í þeim tilvikum að skipið, þrátt fyrir að það fullnægi ákvæðum kafla XI-2, teljist samt sem áður ógnun við umhverfið.
- 4.33** Þegar aðildarríki grípur til eftirlitsaðgerða gagnvart skipi, skal viðkomandi stjórnvöldum tafarlaust tilkynnt um þá ráðstöfnun með þeim fullnægjandi upplýsingum að þau geti átt samstarf við aðildarríkið.

#### **Eftirlit með skipum í höfnum.**

- 4.34** Þegar eftirlit um borð í skipi leiðir í ljós að skipið er vanbúið (non-compliance) sökum bilunar í búnaði eða sökum rangrar eða ófullnægjandi skráningar (faulty documentation) og sem leiðir til kyrrsetingar, skal aðildarríki, í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að lagfæra eða leiðrétta viðkomandi annmarka í þeirri höfn þar sem skoðun fór fram, veita heimild til þess að skipið megi sigla til næstu hafnar að því tilskildu að öllum þeim skilyrðum fyrir slíkri siglingu, sem samkomulag tekst um milli viðkomandi hafna og stjórnvalda eða skipstjóra, sé fullnægt.

#### **Skip sem leita hafnar í öðru aðildarríki.**

- 4.35** Regla XI-2/9.2.1 tilgreinir þær upplýsingar sem aðildarríki geta krafist að skip láti þeim í té sem skilyrði þess að skipið megi koma til hafnar (í aðildarríkinu.) Eitt þeirra atriða sem þar er að finna, er staðfesting þess að skipið “hafi”/“hafi ekki” sætt sérstökum eða auknum ráðstöfunum í þau 10 skipti sem skipið kom síðast til hafnar. Dæmi um slíkt gæti verið:
- 4.35.1** Skýrsla yfir þær ráðstafanir sem gripið var til þegar skipið kom til hafnar í ríki sem ekki er aðildarríki, og þá sérstaklega þær ráðstafanir sem við sömu aðstæður hefðu verið gerðar í höfnum viðkomandi aðildarríkis; eða
- 4.35.2** Hvers konar verndaryfirlýsing sem gefin var út gagnvart höfnum eða öðrum skipum.
- 4.36** Annað atriði í reglu XI-2/9.2.1, sem krafa kann að verða gerð um að upplýst verði áður en skipi er veitt heimild til að koma til hafnar, er hvort viðhafðar hafi verið viðeigandi verndarráðstafanir við tengsl skipa á hafi úti og sem átt hefur sér stað á því tímabili sem tekur til þeirra 10 hafna sem skipið hafði síðast viðkomu í. Að öllu jöfnu skal á slíkum lista undanskilja þá sem koma um borð og fara frá borði skipsins innan hafna s.s. hafnsögumenn, leiðsögumenn, tollverði, fulltrúa útlendingaefirlits, löggæsluaðila eða fulltrúa þjónustuaðila vegna vista sem teknar eru um borð eða úrgangs sem tekinn er frá borði, enda litið svo á að slíkir aðilar starfi undir umsjón viðkomandi hafnaryfirvalda. Dæmi um upplýsingar sem tilefni er til að veita við slík tilvik eru:

- 4.36.1 Lýsing á verndarráðstöfunum sem viðhafðar voru við tiltekin tengsl skipa á hafi úti þegar annað eða eitt skipanna í þeim tengslum var skráð í ríki sem ekki er aðildarríki. **Sú lýsing skal taka mið af þeim verndarráðstöfunum sem undir eðlilegum kringumstæðum hefðu verið viðhafðar ef um hefði verið að ræða skip sem öll væru skráð í aðildarríkjum.**
- 4.36.2 Lýsing á verndarráðstöfunum sem viðhafðar voru við tiltekin tengsl skipa á hafi úti þegar öll skipin voru skráð í aðildarríkjum en annað eða eitt skipanna ekki skylt að verða við ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans. Slíkt gæti sem dæmi verið afrit af verndarskírteini viðkomandi skips sem gefið væri út samkvæmt einhverjum öðrum reglum; (*Hér er greinilega verið að opna fyrir þann möguleika að skip undir 500 BT fullnægi tilteknum ákvæðum ISPS-kóðans og þó svo að ekki sé heimilt að gefa út ISSC skírteini til slíkra skipa kann að vera mögulegt að gefa út sambærileg skírteini til þeirra ef þess gerist þörf*), og
- 4.36.3 Í þeim tilvikum að um borð í skipinu er menn eða varningur sem bjargað hefur verið úr hafsnað, skulu allar tiltækar upplýsingar um viðkomandi skipsbrotsmenn eða varning tilgeindar, þar með talið helstu personuupplýsingar ef þær eru þekktar og niðurstöður könnunar af hálfu skipsins eða útgerðar í þeim tilgangi að átta sig á stöðu viðkomandi manna eða varnings með tilliti til öryggis skipsins. Það er ekki markmið kafla XI-2 eða A-hluta ISPS-kóðans með slíkum kröfum að tefja eða hindra að þeim sem bjargað hefur verið verði komið undir læknishendur ef þess er þörf. Ákvæði kafla XI-2 og A-hluta ISPS-kóðans hafa það eitt að markmiði að veita aðildarríkjum eins greinagóðar upplýsingar og kostur er með það að markmiði að viðhalda viðeigandi viðbragðsstigi (sikkerhetsmessig integritet).
- 4.37 Dæmi um aðrar hagnýtar upplýsingar sem hafa gildi og sem kann að verða krafist áður en heimild er veitt til að skip megi koma til hafnar og í þeim tilgangi að viðhalda öryggi og vernd manna, hafnar, skipa og annarra eigna, er:
- 4.37.1 Upplýsingar í ferilskrá skipsins;
- 4.37.2 Staðsetningu skipsins þegar upplýsingarnar eru gefnar;
- 4.37.3 Áætlaður komutími skips til hafnar;
- 4.37.4 Áhafnarlisti;
- 4.37.5 Almenn lýsing á tegund og eðli farms;
- 4.37.6 Farþegalisti; og
- 4.37.7 Upplýsingar sem krafist er samkvæmt reglu XI-2/5.
- 4.38 Samkvæmt reglu XI-2/9.2.5. er skipstjóra skips heimilt að hætta við að sigla skipi til tiltekinnar hafnar, berist honum tilkynning frá viðkomandi höfn um að höfnin muni krefjast tiltekinna verndarráðstafana á grundvelli reglu XI-2/9.2. Taki skipstjóri slíka ákvörðun, eiga ákvæði reglu XI-2/9 ekki lengur við og sérhverjar aðrar aðgerðir skulu lúta ákvæðum og vera í samræmi við alþjóðalög. (**Þetta ákvæði hefur ekkert nýtt fram að færa frá því sem segir í A-hluta ISPS-kóðans. Þess vegna mætti sleppa þessum lið.**)

### Viðbótarákvæði.

- 4.39 Þegar skipi er meinað að koma til hafnar eða skip er gert brottrækt úr höfn skal ávallt tilkynna stjórnvöldum viðkomandi ríkja (myndighederne i



- relevante lande) (hvaða ríkja? Sjá 4.42.) um staðreyndir málsins. Slík tilkynning skal innihalda eftirfarandi upplýsingar, séu þær tiltækar:
- 4.39.1 Nafn skips, skráningarríki, kennitala, kallmerki, tegund skips og tegund farms;
  - 4.39.2 Ástæður þess að skipinu var meinaður aðgangur að höfninni eða þess að skipið var gert borttrækt úr höfn;
  - 4.39.3 Eðli eða tegund þeirra annmarka á viðbragðsstigi skipsins sem ákvörðun byggði á, ef við á;
  - 4.39.4 Upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar voru eða gefin var kostur á að því er varðar að lagfæra þau atriði sem gáfu tilefni til viðkomandi ákvörðunar, svo og þau skilyrði eða fyrirmæli sem gefin voru til skipsins fyrir áframhaldandi för þess;
  - 4.39.5 Nöfn þeirrar hafna sem skipið hafði áður haft viðkomu í og nafn þeirrar hafnar sem ráðgert er að skipið sigli til;
  - 4.39.6 Brottfarartími úr höfn og áætlaður komutími skips til næstu hafnar;
  - 4.39.7 Sérhver skilyrði eða fyrirmæli gefin til skipsins varðandi tilhögun siglingar svo sem reglulegar tilkynningar;
  - 4.39.8 Tiltækar upplýsingar um það vástig sem gildir umborð;
  - 4.39.9 Upplýsingar um tengsl og samskipti stjórnvalda (fánaríkis skipsins) og stjórnvalda þess ríkis sem höfnin eru í??????( *Hér er hugtakanotkun óljós*;
  - 4.39.10 Tengilið ( contact point) innan hafnaríkis þangað sem hægt er að snúa sér varðandi frekari upplýsingar;
  - 4.39.11 Áhafnarlisti; og
  - 4.39.12 Sérhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar.
- 4.40 Upplýsingum þessum skal koma til þeirra þjóða sem skipið mun sigla hjá á leið sinni til næstu hafnar, sérstaklega ef skipið hefur í hyggju að sigla um lögsögu annarra strandríkja. Önnur ríki sem tilefni væri til að upplýsa um atvikið eru þau ríki sem skipið hafði viðkomu í áður í þeim tilgangi að afla frekari upplýsinga um þau atriði, sem tengjast siglingavernd skipsins.
- 4.41 Við framkvæmd eftirlits með því að kröfum sé fullnægt skal eftirlitsfulltrúinn (duly authorized officer) gæta þess að allar ráðstafanir eða aðgerðir (gagnvart skipum) séu hlutfallslegar að teknu tilliti til eðli máls og aðstæðna. Slíkar ráðstafanir skulu vera sanngjarnar að því er varðar eðli og umfang, þannig að færi gefist til þess að lagfæra eða bæta úr þeim ágöllum sem komið hafa í ljós.
- 4.42 Með orðalaginu “delay” “seinkun” í reglu XI-2/9.3.5.1 er m.a. átt við þær aðstæður þegar skipi, í samræmi við verndarráðstafanir samkvæmt reglum þessum, er með óréttmætum hætti meinaður aðgangur að höfn eða með óréttmætum hætti gert borttrækt úr höfn.

### **Skip skráð í ríkjum sem ekki eru aðilar eða sem ekki lúta reglum þessum.**

- 4.43 Þegar um er að ræða skip sem sigla undir fána ríkis sem ekki er aðildarríki, skal ekki gera minni kröfur til þess skips en ef skipið hefði verið skráð í einu aðildarríkjanna. Samkvæmt þessu skulu ákvæði reglu XI-2/9 og leiðbeiningar í þessum hluta ISPS-kóðans einnig gilda um þau skip.
- 4.44 Skip sem sökum stærðar falla ekki undir SOLAS samþykktina skulu fullnægja þeim verndarráðstöfunum sem viðkomandi ríki viðhafa til að tryggja siglingavernd.

## 5. Verndaryfirlýsing.

- 5.1 Verndaryfirlýsingu skal útbúa og undirrita þegar aðildarríki hafnar telur slíkt nauðsynlegt og þegar að skip, sem í hlut á, telur slíkt nauðsynlegt.
- 5.1.1 Niðurstöður áhættumats hafnar kunna að gefa til kynna við hvaða aðstæður tilefni er til þess að gefin sé út verndaryfirlýsing. Þau tilefni og þær aðstæður sem gefa höfn tilefni til að fara fram á að verndaryfirlýsing sé gefin út, skulu tilgreind í verndaráætlun hafnarinnar.
- 5.1.2 Stjórnvöld geta ákveðið við hvaða tilvik nauðsynlegt kunni að vera að gefa út verndaryfirlýsingu fyrir skip sem skráð eru í viðkomandi ríki eða á grundvelli áhættumats einstakra skipa og skulu þau tilvik tilgreind í verndaráætlun skipanna.
- 5.2 Líklegt má telja að verndaryfirlýsingar verði krafist við hærri vástig, þ.e. þegar skip hefur hærri vástig en höfn eða eitthvert annað skip, sem það á í tengslum við á hafi úti. Þetta getur einnig á við um tengsl skips og hafnar og tengsl skipa á hafi úti þegar slík tengsl hafa í för með sér aukna áhættu fyrir fólk, eignir og umhverfi sem tengist sérstaklega viðkomandi skipi, þar með talið farþegar og farmur eða umhverfi hafnarinnar sameiginlega eða í sitt hvoru lagi.
- 5.2.1 Þegar skip, eða stjórnvöld fyrir hönd þeirra skipa sem skráð eru í viðkomandi ríki, gera kröfu um að verndaryfirlýsing sé gefin út, skulu verndarfulltrúi hafnarinnar og verndarfulltrúi skipsins staðfesta móttöku slíkrar kröfu og ræða viðeigandi verndaraðgerðir.
- 5.3 Verndarfulltrúa hafnar er heimilt að óska eftir útgáfu verndaryfirlýsingar áður en tengsl hafnar og skips eiga sér stað, sé þessa sérstaklega getið í viðurkenndu áættumati hafnarinnar sem sérlega mikilvægs atriðis. Dæmi um slíkt er þegar farþegar stíga að og frá borði og við lestun og losun hættulegra efna. Áhættumatið kann einnig að tilgreina svæði eða aðstöðu á eða nærri þéttbýlissvæðum eða fjárhagslega mikilvægum aðgerðum sem krefjast útgáfu verndaryfirlýsingar.
- 5.4 Mikilvægasta markmið verndaryfirlýsingar er að tryggja að samkomulag sé gert milli skips og hafnar eða milli skips og annarra skipa sem mynda tengsl á hafi úti um þær verndarráðstafnari sem hvor aðili um sig skuldbindur sig til að viðhafa í samræmi við ákvæði verndaráætlunar þeirra.
- 5.4.1 Verndaryfirlýsing sem samkomulag er um skal undirrituð og dagsett af bæði höfn og skipi eða skipum eftir því sem við á, vísa til ákvæða kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða. Verndaryfirlýsing skal hafa tilgreindan gildistíma og tilgreina það vástig sem viðhafa skal á því tímabili ásamt viðeigandi upplýsingum um tengiliði (contact details).
- 5.4.2 Breytingar sem kunna að verða á vástigi skips eða hafnar á þeim tíma sem yfirlýsingin gildir getur valdið því að nauðsynlegt sé að útbúa nýja verndaryfirlýsingu eða að gerðar séu breytingar á eldri verndaryfirlýsingu.
- 5.5 Verndaryfirlýsingu skal rita á ensku, frönsku eða spænsku eða á sameiginlegri tungu skips og hafnar eða þeirra skipa sem í hlut eiga, eftir því sem við á.
- 5.6 Form verndaryfirlýsingar er að finna í viðauka 1 við ISPS-kóðann. Þessi verndaryfirlýsing gildir á milli skips og hafnar. Ef verndaryfirlýsing skal gilda milli skipa, er nauðsynlegt að breyta forminu tilsvareandi.

## 6. Skuldbindingar félags.

## **Almennt.**

- 6.1 Ákvæði reglu XI-2/5 skylda félag að veita skipstjóra skips allar þær upplýsingar sem krafist er að félagið veiti í samræmi við ákvæði þessara reglna. Þessar upplýsingar skulu fela í sér eftirfarandi:
  - 6.1.1 Þann aðila innan félags sem er ábyrgur fyrir ráðningu manna til starfa á skipum, þ.e. mönnunarskrifstofur, umboðsmenn, verktaka, þjónustustuaðila, o.s.fr.
  - 6.1.2 Þann aðila innan félags sem er ábyrgur fyrir ráðstöfum skipsins í einstök verkefni, svo sem tímaleigu eða þurrleigu eða þann sem gegnir því hlutverki innan félagsins.
  - 6.1.3 Þegar skip er leigt aðila á grundvelli leigusamnings skal geta um ákvæði leigusamnings og þar með talda tímaleigutaka og leigutaka vegna einstakra ferða.
- 6.2 Samkvæmt ákvæðum greinar XI-2/5 er félagi skylt að leiðrétta og viðhalda réttum upplýsingum þegar breytingar eiga sér stað.
- 6.3 Upplýsingar þessar skulu vera tiltækar á ensku, frönsku eða spænsku.
- 6.4 Hvað varðar skip sem smíðuð eru fyrir 1. júlí 2004, skulu upplýsingar greina rétt frá aðstæðum á þeim degi að telja.
- 6.5 Hvað varðar skip sem smíðuð eru eftir 1. júlí 2004 og skip sem smíðuð voru fyrir þann tíma en sem voru ekki í notkun fyrir 1. júlí 2004, skulu upplýsingar greina rétt frá aðstæðum á þeim degi sem skipin voru tekin í notkun.
- 6.6 Þegar skip er tekið úr rekstri eftir 1. júlí 2004 skulu upplýsingar greina rétt frá aðstæðum þegar og ef skipið er tekið aftur í notkun.
- 6.7 Upplýsingar sem áður hafa verið gefnar og ekki varða ástand skips eða aðstæður að öðru leyti þann 1. júlí 2004, er ekki nauðsynlegt að varðveita umborð.
- 6.8 Þegar ábyrgð á rekstri skips er tekin yfir af öðru félagi, er þess ekki krafist að upplýsingar um félagið, sem hafði skipið í rekstri, séu varðveittar umborð. Frekari leiðbeiningar um skuldbindingar félags er að finna í köflum 8, 9 og 13.

## **7. Siglingavernd skips.**

Frekari leiðbeiningar um siglingavernd skips er að finna í köflum 8, 9 og 13.

## **8. Áhættumat skips.**

### **Áhættumat.**

- 8.1 Verndarfulltrúi félags er ábyrgur fyrir því að áhættumat sé gert fyrir hvert það skip sem félagið rekur og sem skal fullnægja ákvæðum kafla XI-2 og A- hluta þessa kóða og sem verndarfulltrúinn er ábyrgur fyrir. Þó svo að verndarfulltrúa félags sé ekki skylt að annast sjálfur áhættumatið eða einstaka þætti þess, þá liggur ábyrgðin á því að slíkt áhættumat sé framkvæmt og með fullnægjandi hætti alfarið á herðum verndarfulltrúans.
- 8.2 Áður en hafist er handa við gerð áhættumats, skal verndarfulltrúi útgerðar sjá til þess að allar tiltækar upplýsingar sem að gagni geta komið við mat á áhættu og ógnunum séu tiltækar. Þetta á við allar þær hafnir sem skipið kann að koma til og þar sem farþegar fara frá borði eða koma umborð og um þær verndarráðstafanir sem viðkomandi hafnir hafa gripið til. Verndarfulltrúi

félags skal kynna sér eldri skýrslur um þörf fyrir siglingavernd. Þar sem það er álitíð áhugavert, gæti verndarfulltrúi félagsins átt fund með fulltrúum skipsins/skipanna og hafnanna í þeim tilgangi að ræða tilgang og um framkvæmd áhættumats. Í þessum efnum ætti verndarfulltrúinn að fylgja þeim leiðbeiningum sem aðildarríkin hafa fram að færa.

### 8.3 Áhættumat ætti að ná til eftirfarandi þátta skipsins:

- 8.3.1 verklegum viðbragðsaðgerðum (physical security, Hvað er það?);
  - 8.3.2 afmörkun og greiningu áhættuþátta (structural integrity; Hvað er það?);
  - 8.3.3 personubundinn verndarbúnaður – búnaður til varnar áhöfn (*Personal protection systems, Hvað er það? )( Nær þetta til farþega eða á þetta aðeins við um áhöfn.?)*);
  - 8.3.4 stefnumótun verndaraðgerða (procedural policies, hvað er það?);
  - 8.3.5 fjarskipabúnaður, þ.m.t. tölvubúnaður og tengingar; og
  - 8.3.6 aðrir þættir sem mönnum kann að stafa hættu af, sem setur skip, höfn, eignir eða aðgerðir í hættu, verði þeir fyrir skemmdum eða notaðir í ólögætum tilgangi.
- 8.4 Þeir, sem taka þátt í gerð áhættumats, skulu eiga þess kost að sækja til þess aðstoð sérfróðra manna að því er varðar:
- 8.4.1 þekkingu á ógnunum við öryggi manna og hegðunarmunstur;
  - 8.4.2 greiningu og leit vopna, hættulegra efna eða tækja;
  - 8.4.3 þekkingu á einkennum og hegðunarferli manna, sem eru líklegri en aðrir til að ógna öryggi og vernd;
  - 8.4.4 tækni, sem notuð er við bekkingar, í tengslum við verndarráðstafanir;
  - 8.4.5 aðferðir notaðar til að skapa váatvik eða aðstæður þar sem öryggi er ógnað;
  - 8.4.6 áhrif sprenginga á burðarvirki skipa og búnað;
  - 8.4.7 siglingavernd skipa;
  - 8.4.8 viðskiptavenjur og hefðir að því er varðar tengsl skips og hafnar;
  - 8.4.9 áætlanagerð vegna óvæntra og ófyrirséðra atvika, fyrirbyggandi neyðaraðgerðir og viðbragsáætlanir;
  - 8.4.10 verklegar viðbragðsaðgerðir (physical security, hvað er það?);
  - 8.4.11 fjarskipta- og samskiptabúnaður, þar með talinn tölvubúnaður og nettengingar;
  - 8.4.12 skipaverkfræði;
  - 8.4.13 rekstur skip og hafna;
- 8.5 Verndarfulltrúi félags skal afla og skrá upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera áhættumat, þar á meðal:
- 8.5.1 teikningar af fyrirkomulagi skipsins;
  - 8.5.2 þau svæði og afmörkun þeirra þar sem aðgangur skal takmörkunum bundinn svo sem brú skipsins, vélarúm í flokki A og aðrar stjórnstöðvar eins og þær eru skilgreindar í kafla II-2;
  - 8.5.3 staðsetningu og eðli hvers þess staðar um borð þaðan sem unnt er að komast um borð í skipið;
  - 8.5.4 breytingar á sjávarföllum sem kunna að hafa áhrif á varnarmöguleika, þ.e. möguleikum á að viðhalda viðbragðsstigi um borð í skipi;
  - 8.5.5 farmrými og aðferðir við að sjóbúa farm (hvers vegna, í hvaða samhengi?);
  - 8.5.6 staðsetningu á vistum skipsins og staðsetningu á öðrum mikilvægum búnaði til viðhalds skipsins ( hvers vegna og í hvaða tilgangi?);
  - 8.5.7 þá staði þar sem farangur án eiganda er geymdur;

- 8.5.8 neyðarbúnaður eða hvers kyns varabúnaður til nota við að viðhalda brýnustu starfsemi um borð;
- 8.5.9 fjölda í áhöfn eða sem starfa um borð, skilgreindum skyldustörfum þeirra við vávik og stefna félagsins varðandi þjálfunarkröfur;
- 8.5.10 öryggisbúnaður skipsins og búnaður til verndar farþegum skipsins og áhöfn;
- 8.5.11 neyðarútgangar og flóttaleiðir, samkomustaðir í neyðartilvikum og tryggja greiða og skjótar aðgerðir þegar skip er yfirgefið;
- 8.5.12 samningar og verklagsreglur við einkarekin öryggisgæslufyrirtæki sem annast efirlit með skipum við bryggju.;og
- 8.5.13 verndaraðgerðir og verklagsreglur sem í gildi eru, þar með talið skoðanir og eftirlit, takmörkun aðgangs, vöktun svæða með vaktmönnum eða myndavélum, auðkenniskort starfsmanna og samskipti, viðvaranir, lýsing og aðgangsheimildir ásamt öðrum viðeigandi ráðstöfunum.
- 8.6 Við gerð áhættumats skal skoða hvern þann stað þaðan sem mögulegt kann að vera að komast um borð í skipið, þar með talin opin veðurþilför og leggja mat á líkindi þess að sá staður verði notaður af þeim sem hafa í hyggju að skerða siglingavernd skipsins. Þessi skoðun gildir jafnt á við um þá staði þaðan sem þeir koma um borð sem hafa til þess heimld og þá staði þaðan sem þeir koma sem leita leiða til að komast umborð í heimildarleysi.
- 8.7 Við gerð og endurskoðun áhættumatsins ber að meta sérstaklega hvort gildandi verndarráðstafanir séu viðeigandi og fullnægjandi, hvort leiðbeiningar, verklagsreglur og fyrirmæli um aðgerðir og ráðstafanir, hvort heldur við venjubundnar aðstæður eða í neyðartilvikum, séu viðeigandi og fullnægjandi. Áhættumatið skal m.a. fela í sér leiðbeingar varðandi eftirfarandi verndarráðstafanir:
  - 8.7.1 svæði þar sem aðgangur er takmarkaður;
  - 8.7.2 fyrirmæli um hvernig brugðist skuli við hættuástandi, eldsvoða eða öðrum neyðartilvikum;
  - 8.7.3 fyrirmæli um tilhögun og umfang eftirlits með farþegum, gestum, sölumönnum, viðgerðaraðilum, starfsmönnum hafna o.s.fr.;
  - 8.7.4 tíðni og umfang eftirlitsferða um skipið;
  - 8.7.5 eftirlit með aðgangi, þ.m.t. auðkenniskerfi;
  - 8.7.6 samskiptabúnað og tilhögun samskipta, sem tengist siglingavernd;
  - 8.7.7 neyðarlokanir/öryggishurðir eða takmörkunar aðgangs og lýsing; og
  - 8.7.8 búnaður til eftirlits með umgangi og vaktbúnaður, sé slíkur búnaður til staðar;
- 8.8 Í áhættumati skips skal lagt mat á hvaða einstaklinga, hvaða starfsemi, þjónustu og aðgerðir sé mikilvægt að vernda eða verja. Þetta á við um:
  - 8.8.1 áhöfn skipsins;
  - 8.8.2 farþega, gesti, söluaðila, viðgerðarmenn og starfsmenn hafna, o.s.fr.;
  - 8.8.3 þann mannafla sem nauðsynlegur eru til að tryggja örugga siglingu skipsins og til að bregðast við neyðaratvikum;
  - 8.8.4 farm skipsins, sérstaklega hættulegan farmur eða eldfim efni;
  - 8.8.5 geymslur, sem geyma vistir skipsins;
  - 8.8.6 samskiptabúnaður vegna siglingaverndar, sé hann til staðar, (*Hvað með vákallskerfið, er það ekki innifalið í þessu?*); og
  - 8.8.7 eftirlitsbúnaður og -kerfi, séu þau til staðar;
- 8.9 Í áhættumati skal taka tillit til hvers kyns ógnanna, þ.m.t. eftirfarandi váatvika:

- 8.9.1 skemmdir eða eyðilegging skipsins eða hafnar t.d. vegna sprengingar, íkveikju, hryðjuverka eða skemmdarfýsnar;
- 8.9.2 skipsrán eða taka skips eða einstaklinga um borð í því í gislingu;
- 8.9.3 vinna skemmdarverk á farmi, nauðsynlegum skipsbúnaði eða vistum skipsins;
- 8.9.4 óheimil aðgangur eða umferð, þar með talið tilvist laumufarþega;
- 8.9.5 vopnasmýgl og smýgl á búnaði og tækjum, þ.m.t. gjöreyðingarvopnum;
- 8.9.6 notkun skipsins til flutnings á mönnum, sem hafa að markmiði að skapa váatvik og til flutnings á búnaði þeirra;
- 8.9.7 notkun á skipinu sjálfu sem árásartækis í þeim tilgangi að valda skemmdum og eyðileggingu;
- 8.9.8 árás á skipið af hafi þegar það liggur við akkeri eða við bryggju; og
- 8.9.9 árás á skipið á hafi úti.
- 8.10 Í áhættumati skal taka til skoðunar öll hugsanleg svið eða svæði skerðingar á viðbragðstigi. Þetta á við um:
  - 8.10.1 misræmi milli öryggisráðstafana og verndarráðstafanna í framkvæmd;
  - 8.10.2 misræmi hvað varðar almennar starfsskyldur annars vegar og fyrirmæli og skyldustörf varðandi siglingavernd hins vegar;
  - 8.10.3 sjóvaktir, fjölda í áhöfn og hugsanleg áhrif þess á þreytu hjá áhöfn, athyglisbrest og færni;
  - 8.10.4 Sérhverir annmarkar sem fram hafa komið við þjálfun áhafnar;
  - 8.10.5 Sérhver búnaður eða tæki til nota við siglingavernd, þ.m.t. fjarskiptabúnaður;
- 8.11 Verndarfulltrúi útgerðar og verndarfulltrúi skipsins skulu ávallt vera meðvitaðir um þau áhrif sem verndarráðstafanir geta haft á áhrif áhöfn skips sem starfað hefur á viðkomandi skipi í langan tíma. Við mat á verndarráðstöfunum skal því hugað sérstaklega að þægindum, vellíðan og einkalífi þeirra sem um borð starfa og þar með getu þeirra til að viðhalda fullu gildi viðkomandi verndarráðstafanna langtímum saman.
- 8.12 Við lok áhættumats skal samin skýrsla þar sem fram kemur lýsing á því hvernig staðið var að gerð áhættumatsins, lýsing á þeim annmörkum, veikleikum eða göllum sem í ljós komu og þeim mótvægisáðgerðum sem tillaga hafi verið gerð um með það að markmiði að bregðast við þessum annmörkum, veikleikum eða göllum. Skýrsla þessi skal vera trúnaðarmál og aðgangur að henni og innihaldi hennar takmarkaður.
- 8.13 Hafi áhættumatið verið gert af framkvæmt af aðila, sem er annar en félagið, skal skýsla um áhættumatið yfirfarin og staðfest af verndarfulltrúa félagsins.

### **Vettvangskannanir.**

- 8.14 Vettvangskönnun vegna siglingaverndar er óaðskiljanlegur þáttur við gerð áhættumats. Við vettvangskönnun eru gildandi verndarráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir prófaðar og metnar með tilliti til þess að:
  - 8.14.1 Tryggja að verndaraðgerðir séu áhrifaríkar og nái tilgangi sínum;
  - 8.14.2 Vakta svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður í þeim tilgangi að sannreyna að aðeins þeir sem til þess hafa heimild, hafi raunverulega aðgang að þeim.
  - 8.14.3 Tryggja eftirlit með aðgangi að skipinu, þar með talið auðkenniskerfi
  - 8.14.4 Tryggja vöktun opinna þilfara skipsins og svæði umhverfis skipið.

- 8.14.5 Tryggja eftirlit með allri umferð manna að og frá borði og handfarangri þeirra, (handfarangri farþega og öðrum farangri svo og persónulegum munum skipverja.)
- 8.14.6 Leiðbeina um meðferð farms og frágangi vista í geymslum skipsins
- 8.14.7 Staðfesta að samskipabúnaður skipsins sem notaður er í tengslum við siglingavernd sé tiltækur og í lagi.

## 9. Verndaráætlun skips.

- 9.1 Verndarfulltrúi félags ber ábyrgð á að verndaráætlun skips sé útbúin og send til samþykktar. Innihald verndaráætlunar einstakra skipa getur verið breytilegt og skal áætlunin taka mið af því skipi, sem áætlunin gildir um. Í áhættumati skips skal tilgreina þær sérstöku aðstæður/ráðstafanir sem um viðkomandi skip ættu að gilda og um þær hugsanlegu ógnanir og þá veikleika sem taka þarf sérstakt tillit til. Við gerð verndaráætlunar er nauðsynlegt að tilgreina með nákvæmum hætti (behandles inngående) viðeigandi ráðstafnir gagnvart þessum ógnumum. Stjórnvöld geta útbúið leiðbeiningar um gerð og innihald verndaráætlunar.
- 9.2 Sérhver verndaráætlun skal innihalda:
  - 9.2.1 Nákvæmt skipurit varðandi siglingavernd er gildi um borð í viðkomandi skipi;
  - 9.2.2 Nákvæmar upplýsingar um tengsl skips við félagið, hafnir, önnur skip og viðeigandi yfirvöld sem bera ábyrgð á siglingavernd;
  - 9.2.3 Upplýsingar um þann samskiptabúnað sem notaður er til að tryggja stöðug og samfelld samskipti innan skipsins, við önnur skip og aðra, þar með talið hafnir;
  - 9.2.4 Nákvæma lýsingu þeirra verndarráðstafana, rekstrarlegra (operational) og verklegra (physical), sem ávallt skal að lágmarki viðhafa við vástig 1;
  - 9.2.5 Nákvæma lýsingu þeirra sérstöku og auknu verndarráðstafana sem viðhafa skal þegar að viðbragðsstig skipsins er fyrirvaralaust aukið til þess sem svarar til vástigs 2 og þegar nauðsyn ber til til vástigs 3;
  - 9.2.6 Fyrirmæli um reglulega prófun og endurskoðun verndaráætlunar skipsins og um leiðréttingar á áætluninni með tilliti til fenginnar reynslu eða breyttra aðstæðna; og
  - 9.2.7 Leiðbeiningar um með hvaða hætti senda skuli tilkynningar til tengiliða annarra viðeigandi aðildarríkja
- 9.3 Gerð áhrifaríkrar verndaráætlunar skal byggja á ítarlegu mati á öllum þeim þáttum sem tengjast siglingavernd, sérstaklega á nákvæmu mati á verklegum og rekstarlegum þáttum í reksti hvers skips.
- 9.4 Allar verndaráætlanir skulu vera háðar samþykki aðildarríkis eða aðila sem til þess hefur umboð aðildarríkis. Ef stjórnvald heimilar viðurkenndum verndaraðila að annast yfirferð og samþykki verndaráætlana, skal viðkomandi viðurkendur verndaraðili ekki með neinum hætti tengjast öðrum viðurkenndum aðilum sem tekið hafa að sér gerð eða veitt aðstoð við gerð verndaráætlunarinnar.
- 9.5 Verndarfulltrúi félags og verndarfulltrúi skips skulu koma sér saman um verklagsreglur varðandi:
  - 9.5.1 Aðferðir til að geta stöðugt lagt mat á gildi og árangur verndaráætlunar; og
  - 9.5.2 Gerð tillagna um breytingar á áætluninni eftir að hún hefur verið samþykkt.

- 9.6 Þær verndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í verndaráætluninni ættu að vera komnar til framkvæmda þegar úttekt sú og staðfesting, sem mælt er fyrir um í kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, fer fram. Ef ekki, mun það ferli sem leiðir til útgáfu Alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis ekki ná fram að ganga. Ef í ljós koma einhverjir (*subsequent failure of security equipment or systems*) annmarkar eða veikleikar í búnaði eða tækjum, eða brotalamir í framkvæmd verndarráðstafana, án tillitis til orsaka, (*equivalent temporary security measures should be adopted, notified to, and agreed by, the administration.*) skal heimilt að grípa til sambærilegra/jafngildra ráðstafana til bráðabirgða, sem tilkynna skal um til stjórnvalda og sæta samþykki þeirra. (*Svo virðist af þessu ákvæði sem það séu stjórnvöld sem skulu fá tilkynningu um og samþykkingu slíkar bráðabirgðaráðstafanir og engin skilyrði sett*).

### **Skipulag og framkvæmd siglingaverndar.**

- 9.7 Auk þeirra leiðbeininga sem gefnar eru í lið 9.2 skal verndaráætlun fyrir sérhvert vástig kveða á um eftirfarandi:
- 9.7.1 Hlutverk og ábyrgð þeirra sem um borð starfa að því er varðar starfsemi sem tengist siglingavernd;
  - 9.7.2 Verklagsreglur og fyrirbyggjandi ráðstafanir sem tryggja stöðug og samfelld samskipti;
  - 9.7.3 Verklagsreglur sem nauðsynlegar eru til að geta lagt mat á gildi og árangur þeirra ráðstafana sem grípið hefur verið til og þeirra aðferða, þeirra tækja og þess búnaðar, sem notaður hefur verið til verndar, vöktunar og eftirlits, þar með taldar verklagsreglur er hafi að markmiði að greina og bregðast við bilunum í búnaði og tækjum;
  - 9.7.4 Verklagsreglur sem tryggja að trúnaðarupplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti, hvort heldur vistaðar á pappír eða með rafrænum hætti;
  - 9.7.5 Fyrirmæli um eftirlit og viðhald með búnaði sem notaður er til eftirlits, vöktunar eða verndar, sé slíkur búnaður fyrir hendi;
  - 9.7.6 Verklagsreglur varðandi skýrslugerð að því er varðar hugsanlega bresti í siglingavernd eða um málefni sem tengjast siglingavernd í þeim tilgangi að þær berist réttum aðilum tímanlega og fái viðeigandi málsmeðferð;
  - 9.7.7 Verklagsreglur varðandi frumskráningu og viðhald skáningar á hættulegum efnum eða eldfimum efnum sem eru um borð í skipi og um staðsetingu þeirra (*Þetta er einmitt það sem hryðjuverkamenn þurfa á að halda, skráningu á öllu því sem getur verið skipinu hættulegt. Það væri nær lagi að banna slíka skráningu og allra síst að láta slíkar upplýsingar koma fram í verndaráætlun skipsins.*);
- 9.8 Síðasti hluti þessa liðs tilgreinir sérstaklega þær verndarráðstafanir sem grípa má til við sérhvert tiltekið vástig, þ.e.
- 9.8.1 Aðgangsheimild að skipinu fyrir skipverja, farþega, gesti o.s.fr.;
  - 9.8.2 Svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður;
  - 9.8.3 Meðhöldun farms;
  - 9.8.4 Afhending og frágangur á vistum til skipsins;
  - 9.8.5 Meðhöndlun á farangri án eiganda; og
  - 9.8.6 Eftirlit með verndarráðstöfnum um borð



## Aðgangur að skipi.

9.9 Í verndaráætlun skipsins skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við eftirlit með þeim svæðum þar sem unnt er að komast um borð í skipið.

Þessar ráðstafanir skulu ná til:

- 9.9.1 Hefðbundinna landganga
- 9.9.2 Landgöngubrúa
- 9.9.3 Akbrauta um stefni og skut
- 9.9.4 Hliðarhurðir, kýraugu, glugga og hurðir
- 9.9.5 Landfestar og akkeristaugar
- 9.9.6 Kranar og lyftibúnaður.

9.10 Fyrir sérhvern lið hér að ofan skal verndaráætlunin tilgreina viðeigandi staðsetningar þaðan sem umferð að og frá borði er stjórnað og hvernig þeirri stjórnun skuli hagað við mismunandi vástig. Verndaráætlun skal tilgreina fyrir hvert vástig viðeigandi fyrirmæli varðandi takmörkun umferðar eða bann við umferð að og frá borði og þær aðgerðir sem grípa skuli til við að framfylgja þeim.

9.11 Verndaráætlun skal fyrir sérhvert vástig tilgreina þær kröfur sem gera skal til auðkennis eða skilríkja sem skilyrði þess að fá aðgang að skipi og til þess að mega dveljast um borð (án þess að liggja undir grun). Slík krafa getur haft í för með sér gerð viðeigandi kerfis til auðkenningar sem veitir tímabundið eða varanlegt auðkenni fyrir annars vegar þá sem um borð starfa og hins vegar fyrir gestkomandi. Sérhvert slíkt auðkenniskerfi skal þegar aðstæður leyfa vera tengt því auðkenniskerfi sem viðkomandi höfn hefur sett upp. Farþegar skulu geta gert grein fyrir sér með því að leggja fram brottfararspjald, farmiða o.s.fr. en skal ekki óheimill aðgangur að svæðum þar sem óheimill aðgangur er bannaður nema undir eftirliti og í fylgd. Verndaráætlunin skal tilgreina fyrirmæli sem tryggja að auðkenniskerfi skuli yfirfarin og endurskoðuð reglulega og að brotum á þeim fyrirmælum skuli mætt með viðurlögum.

9.12 Þeim sem ekki vilja eða ekki geta gert grein fyrir sér og/eða sem ekki geta upplýst um hvaða erindi þeir eiga umborð í skip, þegar eftir því er leitað, skal bannaður aðgangur að skipinu. Tilraun þeirra til að komast um borð í skip skal eftir atvikum tilkynna verndarfulltrúa skipsins, verndarfulltrúa útgerðar, verndarfulltrúa hafnarinnar og til yfirvalda viðkomandi ríkis sem ber ábyrgð á siglingavernd.

9.13 Verndaráætlun skal tilgreina tíðni eftirlitsferða vegna eftirlits með aðgangi að skipinu, sérstaklega ef um er að ræða úrtakseftirlit eða tilviljanakenndar ráðstafanir.

### *Vástig 1.*

9.14 Verndaráætlun skal við vástig 1 tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal varðandi aðgang að skipinu og sem gæti falið í sér eftirfarandi:

- 9.14.1 Kanna skilríki/auðkenni allra þeirra sem óska eftir að komast um borð í skipið og staðfesta tilefni ferðar þeirra um borð m.a. með því að kanna réttmæti fyrirmæla, farmiða farþega, brottfararspjöld, verkbeiðnir o.s.fr;
- 9.14.2 Sjá svo um í samráði við hafnaryfirvöld að sérstakt og öruggt vaktsvæði sé útbúið þar sem unnt er að framkvæma eftirlit með mönnum, leit á þeim,

- farangri þeirra, persónulegum eigum þeirra, bifreiðum og því sem í þeim er;
- 9.14.3 Sjá svo um í samráði við hafnaryfirvöld að bifreiðar og önnur farartæki sem flytja á með bílaferjum, ekjuskipum og öðrum farþegaskipum séu tekin til skoðunar og eftirlits í samræmi við ákvæði verndaráætlunar áður en bifreiðar og tæki eru færð um borð;
- 9.14.4 Aðskilnað þeirra farþega sem hafa verið teknir til skoðunar og sem leitað hefur verið á og farangurs þeirra frá þeim farþegarum sem bíða skoðunar og farangurs þeirra;
- 9.14.5 Aðskilnað þeirra farþega sem eru að fara frá borði frá þeim sem eru á leið um borð;
- 9.14.6 Tilgreina þá staði þar sem unnt er komist að og frá borði og sem ber að loka eða vakta í þeim tilgangi að hindra óviðkomandi aðgang að skipinu;
- 9.14.7 Hindra aðgang að rýmum eða svæðum sem ekki eru vöktuð og sem liggja að þeim rýmum og svæðum sem farþegar hafa aðgang að með því að læsa viðkomandi svæðum.
- 9.14.8 Upplýsa alla þá sem um borð starfa reglulega um hugsanlegar ógnanir og um verklag varðandi tilkynningar um grunsamlegar mannaferðir eða einstaklinga, um grunsamleg atvik eða aðgerðir og brýna fyrir þeim að sýna árvekni.
- 9.15 Við vástig 1 skulu allir þeir sem óska eftir að komast um borð í skip gera ráð fyrir að á þeim kunni að verða leitað. Tíðni þess að leitað sé á mönnum, þar með talið tilviljanakennd leit, skal tilgreina í verndaráætlun skipsins og skal sérstaklega staðfest af stjórnvöldum. Hentugast er að framkvæma slíka leit á mönnum undir forræði hafnarinnar og í fullu samráði við skipið í næsta nágrenni við það. Skipverjum skal að öllu jöfnu ekki gert að leita á samstarfsfélögum sínum eða í persónulegum eigum, þeirra, nema að fyrir hendi sér tilefni til að ætla slík sé nauðsynlegt með tilliti til siglingaverndar. (clear security grounds). Leit á mönnum skal framkvæma með þeim hætti að fullt tillit sé tekið til mannréttinda og þess gætt að raska ekki sjálfsvirðingu eða særa blygðunarkennd þeirra sem í hlut eiga.

## *Vástig 2.*

- 9.16 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafnir sem viðhafa skal í þeim tilgangi að bregðast við og verjast aukinni ógn og í þeim tilgangi að efla árvekni og eftirlit, og sem gætu falið í sér:
- 9.16.1 Fjölgun þeirra sem annast vaktstöðu á þilförum á þeim tímum þegar hlé er gert á lestun eða losun í þeim tilgangi að hindra óviðkomandi aðgang manna um borð.
- 9.16.2 Fækka þeim svæðum/stöðum þar sem mögulegt er að komast um borð í skipið, loka þeim aðkomuleiðum sem eiga að vera lokaðar við slíkar aðstæður og mæla fyrir um með hvaða hætti frá þeim skuli gengið.
- 9.16.3 Hindra mögulegan aðgang að skipinu af hafi, í samstarfi við viðkomandi höfn, t.d. með því að eftirlitsbátur fari um höfnina.
- 9.16.4 Tilgreina afgirt og lokað svæði næst skipinu bryggjumegin í samráði við viðkomandi höfn til að takamarka aðgang að skipinu.
- 9.16.5 Auka tíðni og umfang leitar á þeim einstaklingum sem koma um borð og í farangri þeirra, og í bifreiðum sem taka á til flutnings.
- 9.16.6 Fylgja gestkomandi um skipið á meðan á dvöl þeirra stendur

- 9.16.7 Upplýsa alla þá sem um borð starfa sérstaklega um gildandi verndarráðstafanir, um meinta ógn, um nauðsyn þess að greina strax frá grunsamlegum mannaferðum eða einstaklingum, grunsamlegum atvikum eða aðgerðum og áretta nauðsyn þess að sýna aukna árvekni;
- 9.16.8 Framkvæma allsherjar leit í skipinu eða einstökum hlutum þess.

### Vástig 3.

- 9.17 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:
  - 9.17.1 Aðgangur að skipinu verði bundinn við einn stað undir eftirliti
  - 9.17.2 Heimila aðeins þeim aðgang að skipinu sem hafa hlutverki að gegna vegna váatviks eða ógnana
  - 9.17.3 Fyrirmæli til þeirra sem um borð eru;
  - 9.17.4 stöðvun aðgerða/starfsemi við að flytja farþega að og frá borði
  - 9.17.5 stöðvun aðgerða/starfsemi við losun og lestun farms
  - 9.17.6 Ákvörðun um að skipið skuli yfirgefið
  - 9.17.7 Færslu skipsins innan hafnarinnar
  - 9.17.8 Undirbúningur að ítarlegri allsherjar leit í skipinu öllu eða hluta þess.

### **Svæði þar sem aðgangur er takmarkaður.**

- 9.18 Í verndaráætlun skips skal skilgreina þau svæði/rými skipsins sem flokkuð eru sem “óheimill aðgangur bannaður” og þar sem óviðkomandi skulu ekki hafa aðgang að. Verndaráætlun skal að tilgreina umfang og mörk slíkra svæða, hvenær slík takmörkun sé í gildi og þær ráðstafanir sem viðhafa skal til að tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim og eftirlit með þeirri starfsemi sem fer fram innan þeirra. Markmið með takmörkun aðgangs að þessum svæðum er:
  - 9.18.1 Að koma í veg fyrir að óviðkomandi hafi aðgang að svæðinu.
  - 9.18.2 Vernda farþega, skipverja og starfsmenn hafnarinnar og aðra sem heimild hafa hlotið til að dveljast umborð;
  - 9.18.3 Vernda svæði sem hafa að geyma viðkvæman og mikilvægan búnað skipsins; og
  - 9.18.4 Vernda farm skipsins og hindra að átt sé við hann.
- 9.19 Verndaráætlun skal tryggja að fyrir hendi séu skýr og vel skilgreind markmið og fyrirmæli varðandi eftirlit með umferð manna um þau svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður.
- 9.20 Verndaráætlun skal mæla fyrir um öll svæði þar sem óheimil umferð er bönnuð séu greinilega merkt og að aðgangur manna að slíkum svæðum í heimildarleysi hafi í för með sér skerðingu og brot á siglingavernd.
- 9.21 Þau svæði sem skilgreina má sem svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður geta eftir atvikum verið eftirfarandi:
  - 9.21.1 Brú skipsins, vélarúm í flokki A og aðrar stjórnstöðvar samkvæmt skilgreiningu í kafla II-2;
  - 9.21.2 Rými sem hafa að geyma verndar- og vöktunarbúnað og tæki svo og stjórnstöðvar þess búnaðar og stjórníbúnaður fyrir lýsingu;

- 9.21.3 Rými sem hafa að geyma loftræstibúnað og búnað fyrir loftkælingu og annan skyldan búnað.
- 9.21.4 Rými þar sem aðgangur er að drykkjarvatni, dælum og ventlakistum
- 9.21.5 Rými sem hafa að geyma hættuleg eða eldfim efni
- 9.21.6 Rými þar sem farmdælur eru staðsettar og stjórnubúnaður þeirra
- 9.21.7 Lestarrými og geymslur undir vistir
- 9.21.8 Vistarverur áhafnar
- 9.21.9 Önnur svæði samkvæmt ákvörðun verndarfulltrúa félagsins og sem í samræmi við áhættumat skipsins koma þarf í veg fyrir að óviðkomandi hafi aðgang að.

#### *Vástig 1.*

- 9.22 Við vástig 1 skal verndaráætlunin tilgreina þær verndarráðstafanir sem grípa skal til varðandi svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður og sem gætu falið í sér:
  - 9.22.1 Læsingu eða tryggingu fyrir takmörkun aðgengis
  - 9.22.2 Notkun vaktbúnaðar til að fylgjast með umferð um svæðið/rýmið
  - 9.22.3 Skipuleggja vaktstöðu á eða eftirlitsferðir um svæðið/rýmið;
  - 9.22.4 **Nota skynjunarbúnað sem gefur viðvart ef um er að ræða umgang án heimildar.**

#### *Vástig 2.*

- 9.23 Við vástig 2 skal tíðni eftirlits og umfang aukið að því er varðar eflirlit með svæðum þar sem óheimill aðgangur er bannaður í þeim tilgangi að tryggja að aðeins þeir sem hafa heimild hafi aðgang að þeim. Viðbragðsáætlun skal mæla fyrir um auknar verndarráðstafanir sem gætu falið í sér:
  - 9.23.1 Skilgreiningu nýrra svæða sem óheimilt væri að fara um án heimildar, t.d. við staði þar sem hægt er að komast að og frá borði skips.
  - 9.23.2 Fylgjast stöðugt með eftirlitsráðstöfnunum; og
  - 9.23.3 Fjölga þeim skipverjum sem annast skulu vöktun eða sinna eftirlitsferðum um svæði/rými þar sem óheimil umferð er bönnuð.

#### *Vástig 3.*

- 9.24 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:
  - 9.24.1 Skilgreiningu enn fleiri svæða innan skipsins í samræmi við eðli eða staðsetningu meints váviks eða þann stað þaðan sem skipinu er ógnað og umferð er bönnuð,og
  - 9.24.2 Framkvæma leit á svæðum þar sem óheimill aðgangur er bannaður sem hluti af allsherjar leit um borð í skipinu.

#### **Meðhöndlun farms.**

- 9.25 Verndarráðstafanir varðandi meðhöndlun farms skipsins skulu:

- 9.25.1 Koma í veg fyrir að átt sé við farm
- 9.25.2 Koma í veg fyrir að farmur sem ekki er skráður til flutnings, sé móttækinn og honum komið fyrir um borð.
- 9.26 Verndarráðstafanir, sem í einhverjum tilvikum ætti að framkvæma í samvinnu við höfnina, skulu fela í sér eftirlit (inventory control procedures at access points to the ship) með ( ). Þegar farmurinn er kominn umborð, skal vera unnt að staðfesta að hann hafi verið samþykktur sem hæfur til flutnings með skipinu. Þessu til viðbótar skulu verndarráðstafanir settar og viðhafðar í þeim tilgangi að hindra að átt sé við farminn eftir að hann eru kominn um borð.

### *Vástig 1.*

- 9.27 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farmsins og sem gætu falið í sér:
  - 9.27.1 Reglubundið eftirlit með farmi, flutningstækjum og lestum skipa, áður en lestun hefst og meðan á henni stendur.
  - 9.27.2 Staðfesting þess að farmur sem tekinn hefur verið um borð svari til þess sem tilgreint er í farmskjölum .
  - 9.27.3 Tryggja, í samstarfi við hafnaryfirvöld, að bifreiðar sem teknar eru til flutnings í bíla-, ekju- og farþegaskipum hafi áður verið skoðaðar í samræmi við ákvæði verndaráætlunar
  - 9.27.4 Eftirlit með innsigli á gámum og öðrum ráðstöfunum sem hafa að markmiði að tryggja að ekki sé átt við farminn.
- 9.28 Við eftirlit með farmi má framkvæma með eftirfarandi hætti:
  - 9.28.1 Sjónrænt og útlitslega
  - 9.28.2 Með notkun tækja og búnaðar eða hunda
- 9.29 Þegar um er að ræða reglubundna og síendurtekna flutninga er verndarfulltrúa útgerðar eða verndarfulltrúa skipsins í samráði við viðkomandi höfn (hafnaryfirvöld) heimilt að samþykkja fyrirkomulag þar sem eigandi farms (shipper) eða annar í hans umboði ber ábyrgð á farminum, og sér um eftirlit utan hafnarinnar, innsigli tímasetningar, skjalagerð o.s.fr. Slíkt fyrirkomulag skal lagt fyrir og samþykkt af verndarfulltrúa hafnarinnar.

### *Vástig 2.*

- 9.30 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farms og sem gætu falist í eftirfarandi:
  - 9.30.1 Aukið og nákvæmt eftirlit með farmi, tækjum og búnaði til að flytja eða færa farm og með lestum skipsins.
  - 9.30.2 Aukið og nákvæmara eftirlit með því að aðeins sá farmur sem flytja á með skipinu fari þar umborð.
  - 9.30.3 Aukið eftirlit að því er varðar leit í bifreiðum, sem flytja á með bílaflutninga-, ekju- eða farþegaskipum; og
  - 9.30.4 Aukin tíðni og umfang við eftirlit með innsiglium og öðrum ráðstöfunum sem miða að því að hindra að átt sé við farminn.
- 9.31 Aukið eftirlit með farmi má viðhafa með eftirfarandi hætti:
  - 9.31.1 Auka tíðni og nákvæmni við sjón- og útlitsskoðun
  - 9.31.2 Auka eftirlit með aukinni notkun tækjabúnaðar eða hunda; og

- 9.31.3 Komast að samkomulagi við eiganda farms um auknar verndarráðstafanir og aðra sem ábyrgir eru í samræmi við gildandi samkomulag.

*Vástig 3.*

- 9.32 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:

- 9.32.1 Stöðvun lesturnar eða losunar skipsins

- 9.32.2 Staðfesta staðsetningu og magn hættulegra og eldfimra efna, sem um borð eru, séu þau fyrir hendi.

**Afhending á vistum til skipa.**

- 9.33 Verndarráðstafanir vegna afhendingar á vistum til skipa skulu hafa að markmiði að:

- 9.33.1 Tryggja eftirlit með afhendingu vista til skipa og með umbúðum þeirra.

- 9.33.2 Koma í veg fyrir að tekið sé við vistum til skipa án undangenginnar skoðunar.

- 9.33.3 Koma í veg fyrir að átt sé við vistir til skipa; og

- 9.33.4 Koma í veg fyrir að tekið sé á móti vistum til skipa án þess að þær hafi verið pantaðar.

- 9.34 Þegar um er að ræða skip sem koma reglulega til tiltekinnar hafnar, er heimilt að koma á ferli sem nær til skips, birgja og hafnar og sem felur í sér tilkynningar og staðfestingar varðandi tímasetningu afhendingar á vistum til skipa ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Það skal ávallt vera mögulegt að sannreyna að þær vörur sem afhenda skal skipi, hafi verið pantaðar af því skipi.

*Vástig 1.*

- 9.35 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina verndarráðstafanir sem grípa má til við afhendingu á vistum til skipsins og sem geta falið í sér eftirfarandi:

- 9.35.1 Eftirlit með því að vistirnar samræmist þeirri pöntun sem gerð var, áður en þær eru teknar umborð í skipið; og

- 9.35.2 Koma vistum sem fyrst í viðeigandi og öruggar geymslur skipsins.

*Vástig 2.*

- 9.36 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem grípa má til við afhendingu á vistum til skipa með því að annast tilviljanakenndar skoðanir á vistunum áður en þær eru teknar umborð í skip og með því að gera slíkar skoðanir ítarlegri.

*Vástig 3.*

- 9.37 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við

siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:

- 9.37.1 Framkvæmd enn ítarlegri skoðunar á vistum til skipa.
- 9.37.2 Undirbúningur að takmörkunum eða banni við því að átt sé við vistir til skipa; og
- 9.37.3 Afhendingu vista til skipa hafnað.

### **Farangur án eiganda.**

- 9.38 Í verndaráætlun skulu koma fram þær verndarráðstafanir sem grípa má til í þeim tilgangi að tryggja að allur farangur, sem ekki fylgir eiganda sínum, þ.e. farangur, þar með talið persónulegar eigur, þegar eigandi hans, hvort heldur farþegi eða skipverji, er ekki til staðar þegar skoðun fer fram, sé auðkenndur og sæti viðeigandi skoðun, þar með talið leit, áður en heimild er veitt til þess að farangur þessi megi fara umborð. Ekki er nauðsynlegt að slíkur farangur sé skoðaður bæði af skipi og höfn. Í þeim tilvikum sem báðir verndaraðilar hafa til þess aðstöðu, hvílir ábyrgð á leit í farangri án eiganda hjá viðkomandi höfn. Náin samvinna við hafnaryfirvöld er mjög mikilvæg og ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja vernd farangurs án eiganda eftir að skoðun er lokið.

#### *Vástig 1.*

- 9.39 Við vavik 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farangurs án eiganda og sem skulu hafa að markmiði að tryggja að slíkur farangur sé skoðaður og sæti leit í allt að 100% tilvika. Við það verk má notast við gegnumlýsingartæki.

#### *Vástig 2.*

- 9.40 Við vavik 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu ráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun á farangri án eiganda. Slíkan farangur skal í 100% tilvika gegnumlýsa.

#### *Vástig 3.*

- 9.41 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:
- 9.41.1 Frekari skoðanir og leit í farangri, þar með talið gegnumlýsingu frá fleiru en einu sjónarhorni.
  - 9.41.2 Undirbúningur að ákvörðun um að banna alla meðhöndlun farangurs án eiganda; og
  - 9.41.3 Bann við viðtöku farangurs án eiganda umborð.

### **Vöktun skips.**

- 9.42 Möguleikar skulu vera til þess að vakta skipið sjálft, svæði þar sem óheimill aðgangur er bannaður, og svæði umhverfis skipið. Slík vöktun felur í sér:
- 9.42.1 Lýsingu
- 9.42.2 Stöðuga vaktstöðu með umferð umhverfis skipið, öryggisvaktstöðu, vaktstöðu á opnum þilförum, þ.m.t. reglubundnar eftirlitsferðir
- 9.42.3 Búnaður, sem gerir viðvart um umferð manna innan rýmis eða sjónvarpseftirlitsbúnaður.
- 9.43 Búnaður, sem gerir viðvart um umferð manna um rými þar sem óheimill aðgangur er bannaður, skal gefa frá sér vel heyrnlega hljóðviðvörðun og/eða sýnilega og greinilega viðvörðun á þeim stað í skipinu þar sem ávallt er staðinn vörður eða sem sætir stöðugu eftirliti.
- 9.44 Í verndaráætlun skal tilgreina þær ráðstafanir sem viðhafa skal og þann búnað sem nauðsynlegur er talinn við einstök vástig ásamt þeim rástöfunum sem tryggja að viðkomandi búnaður sé ávallt og stöðugt virkur þrátt fyrir verstu veður og aflrof.

### *Vástig 1.*

- 9.45 Við vavík 1 skal verndaráætlun tilgreina þær vendarráðstafanir sem grípa má til við vöktun og eftirlit, sem má, eftir því sem við á, vera í formi lýsingar, vaktmanna, eftirlitsferða eða notkunar á eftirlitsbúnaði og sem tryggir að þeir sem annast vernd skipsins geti fylgst með umferð manna umborð í skipinu, umferðarhindranir og þau sérstöku bannsvæði þar sem óheimil umferð manna er bönnuð.
- 9.46 Þilför skips og þau svæði þaðan sem komast má að og frá borði skips skulu vera vel upplýst að næurlagi og þegar skyggni er takmarkað, hvort heldur þegar skip er í tengslum við höfn, í höfn eða liggur við akkeri. (“when necessary”. Spurning er hvort “when necessary” vísi aðeins til þess þegar skipið liggur við akkeri eða hvort það skuli einnig eiga við þegar skipið er í höfn?) Þegar skipið er á ferð og þegar tilefni er til, skulu skip hafa uppi öll þau þilfarsljós sem samræmast kröfum um örugga siglingu skipa og sem alþjóðasamningar leyfa. Eftirfarandi atriði skal leggja til grundvallar þegar meta skal viðeigandi magn og staðsetningu lýsingar:
- 9.46.1 Skipverjar skulu geta fylgst með umferð utan skipsins, þ.e. landmegin og sjómegin.
- 9.46.2 Hin upplýstu svæði skulu ná til svæða á þilfari skips og til nánasta umhverfi þess.
- 9.46.3 Hin upplýstu svæði skulu ná til þess svæðis þar sem fram fer staðfesting á skilríkjum/aðgangsheimildum þeirra sem um borð koma; og
- 9.46.4 Hin upplýstu svæði geta verið sameiginleg með upplýstum eftirlitssvæðum hafnarinnar samkvæmt samkomulagi þar um.

### *Vástig 2.*

- 9.47 Við vavík 2 skal verndaráætlun skipsins tilgreina þær auknu vendarráðstafanir sem grípa má til í þeim tilgangi að efla eftirlit og vaktstöðu og sem gæti falið í sér eftirfarandi:
- 9.47.1 Aukin tíðni og umfang eftirlitsferða
- 9.47.2 Fjölga lýstum svæðum og bæta lýsingu eða aukin notkun eftirlitsbúnaðar.



- 9.47.3 Setja fleiri menn á vaktir til eftirlitsferða.
- 9.47.4 Tryggja samhæfingu eftirlits við ferðir eftirlitsbáta sjómegin og eftirlitsmanna og farartækja landmegin, þegar við á.
- 9.48 Aukin lýsing kann að vera nauðsynlegt til að verjast aukinni ógn vegna váatviks. Þegar nauðsyn þykir má fullnægja þörf fyrir aukna lýsingu með því að samhæfa lýsingu skipsins við lýsingu hafnar landmegin.

### *Vástig 3.*

- 9.49 Við vástig 3 skal skip fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem skipið skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og höfnina og sem geta falið í sér:
  - 9.49.1 Kveikja öll tiltæk ljós skipsins og eða ljós í næsta nágrenni skipsins.
  - 9.49.2 Kveikja á öllum eftirlitsbúnaði skipsins sem getur fylgst með umferð manna umborð í skipinu eða í nánasta umhverfi þess.
  - 9.49.3 Auka sem mest þann tíma sem eftirlitsbúnaður getur haldið áfram að starfa og skrá/taka upp.
  - 9.49.4 Undirbúa skoðun á bol skipsins undir sjólínu; og
  - 9.49.5 Grípa til aðgerða sem hafa að markmiði að hindra aðgang að bol skipsins neðansjár, t.d. með því að láta skráfur skipsins snúast hægt.

### **Mismunandi vástig.**

- 9.50 Verndaráætlun skal tilgreina nákvæmlega þær verndaraðgerðir sem grípa skal til í þeim tilvikum þegar vástig skips er hærra en vástig hafnarinnar.

### **Aðgerðir, sem ekki falla undir ákvæði kóðans.**

- 9.51 Verndaráætlun skal tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem skip skal viðhafa ef:
  - 9.51.1 Skipið er í höfn aðildarríkis, sem ekki er aðili að samþykktinni;
  - 9.51.2 Skipið á tengsl við annað skip, sem ekki fellur undir ákvæði samþykktarinnar
  - 9.51.3 Skipið á tengsl við fastan eða fljótandi borpall eða færanlegan borpall sem er á vinnusvæði.
  - 9.51.4 Skipið á tengsl við höfn sem ekki er skylt að fullnægja ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.

### **Yfirlýsing um siglingavernd.**

- 9.52 Verndaráætlun skal mæla ítarlega fyrir um með hvaða hætti beiðni um útgáfu yfirlýsingar um siglingavernd, DoS, frá höfn skuli svarað og við hvaða aðstæður skipið sjálf tætti að fara fram á að fá útgefna yfirlýsingu um siglingavernd, DoS.

### **Endurskoðun og úttektir.**

- 9.53 Verndaráætlun skips skal mæla fyrir um með hvaða hætti verndarfulltrúi félags og verndarfulltrúi skips skuli endurskoða áætlunina með það að markmiði að tryggja að hún sé ávallt viðeigandi, hnitmiðuð og árangursrík og það ferli sem viðhafa skal við úttekt og breytingar á henni.

## 10. Skýrslur/skrár.

- 10.1 Skýrslur/skrár skulu vera tiltækar eftirlitsfulltrúa aðildarríkis því til staðfestingar að ákvæði verndaráætlunar hafi verið komið í framkvæmd.
- 10.2 Skýrslur þessar má hafa á hvaða formi sem er, en þær skulu bundnar trúnaði og óheimilt að láta þær af hendi eða upplýsa um innihald þeirra án heimildar. *(Er samkvæmt þessu heimilt að láta uppi innihald þeirra gagnvart eftirlitsfulltrúa?)*

## 11. Verndarfulltrúi félags.

- 11.1 Viðeigandi leiðbeiningar í greinum 8, 9 og 13 gilda.

## 12. Verndarfulltrúi skips.

- 12.1 Viðeigandi leiðbeiningar í liðum 8, 9 og 13 gilda.

## 13. Þjálfun og æfingar.

### Þjálfun.

- 13.1 Verndarfulltrúi félags, viðeigandi starfsmenn útgerðar skipsins í landi og verndarfulltrúi skips skulu hafa þekkingu á og hafa öðlast þjálfun í einhverjum eða öllum eftirfarandi atriða eftir því sem við á:
- 13.1.1 Stjórnun siglingaverndar;
  - 13.1.2 Viðeigandi alþjóðasamþykktum, kóðum og tilmælum;
  - 13.1.3 Viðeigandi landslögum og reglugerðum;
  - 13.1.4 Hlutverki og ábyrgð annarra stofnanna á sviði siglingaverndar;
  - 13.1.5 Gerð áhættumats;
  - 13.1.6 Framkvæmd skoðana og eftirlits með siglingavernd;
  - 13.1.7 Rekstri skipa og starfsemi hafna;
  - 13.1.8 Verndarráðstöfnum skipa og hafna;
  - 13.1.9 Áætlanagerð vegna óvæntra og ófyrirséðra atvika, fyrirbyggandi neyðaraðgerðir og viðbragsáætlanir; (Emergency preparedness and response and contingency planning);
  - 13.1.10 Leiðbeiningum til nota við kennslu og æfingar í siglingavernd, þar með talið verndarráðstafanir og aðgerðir;
  - 13.1.11 Meðferð viðkvæmra upplýsinga og tilhögun samskipta á sviði siglingaverndar;
  - 13.1.12 Þekkingu á hefðbundnum tegundum ógnana við siglingavernd og eðli þeirra;
  - 13.1.13 Leit og greiningu á vopnum, eldfimum efnum og búnaði;
  - 13.1.14 Þekkingu á einkennum og hegðunarferli manna, sem eru líklegri en aðrir til að ógna öryggi og vernd ( recognition of .....);
  - 13.1.15 Aðferðum, sem notaðar eru til að beita blekkingum gagnvart verndarráðstöfnunum;

- 13.1.16 Verndarbúnaði, tækjum og búnaði og þeim takmörkunum sem þeim eru settir;
- 13.1.17 Aðferðum við framkvæmd úttekta, skoðana, eftirlits og vöktunar;
- 13.1.18 Aðferðum sem beitt er við líkamsleit og non-intrusive inspections !!!!;
- 13.1.19 Æfingar í siglingavernd, þar með talið æfingar í höfnum; og
- 13.1.20 Mat á árangri æfinga í siglingavernd.
- 13.2 Að auki skal verndarfulltrúi skips hafa viðeigandi þekkingu á og hafa öðlast þjálfun í nokkrum eða öllum eftirfarandi þátta eftir því sem við á:
  - 13.2.1 Fyrirkomulagi skipsins;
  - 13.2.2 Verndaráætlun skipsins og tengdum ráðstöfunum ( þ.m.t. vettvangsæfingum þar sem viðbragðsráðstafanir eru þjálfaðar.);
  - 13.2.3 Hópstjórnun og stjórnunarfræðum;
  - 13.2.4 Notkun verndarbúnaðar og notkun hans; og
  - 13.2.5 Prófanir, stillingar og viðhald verndarbúnaðar og tengdra kerfa.
- 13.3 Þeir í áhöfn skips sem hafa tilgreindu siglingaverndarhlutverki að gegna skulu hafa fullnægjandi þekkingu og hæfi til að sinna þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin og sem gætu verið eftirfarandi eftir því sem við á: *(Hvað er óhætt að upplýsa þá skipverja, sem hafa hlutverki að gegna samkvæmt verndaráætlun, um efni verndaráætlunar án þess að sú leynd sem hvílir á verndaráætlun er rofin?)*
  - 13.3.1 Þekking á hefðbundnum ógnunum við siglingavernd og eðli þeirra.
  - 13.3.2 Hæfileikum til að þekkja og greina vopn, hættuleg efni og hættulegan búnað.
  - 13.3.3 Þekking á eðli/atferli og hegðunarmunstri manna sem líklegir eru til að ógna siglingaöryggi.
  - 13.3.4 Aðferðir, sem beitt er við blekkingar og við að komast framhjá/sniðganga verndaraðgerðum.
  - 13.3.5 Hópstjórnun og stjórnunarfræði.
  - 13.3.6 Samskipti, sem tengjast siglingavernd.
  - 13.3.7 Þekking á neyðarráðstöfnunum og (contingency plan) óvissuáætlunum (áætlanagerð vegna ófyrirséðra atvika).
  - 13.3.8 Notkun tækja til siglingaverndar og tengdra kerfa
  - 13.3.9 Prófanir, stillingar og viðhald tækja til siglingaverndar og tengdra kerfa
  - 13.3.10 Eftirlits- og vöktunartækni
  - 13.3.11 Aðferðir við leit á fólki, farangri þeirra og eigum, farmi og geymslum undir vistir skipa.
- 13.4 Allir aðrir í áhöfn skips skulu hafa fullnægjandi þekkingu á og hafa kynnt sér viðeigandi ákvæði verndaráætlunar skipsins, þar á meðal: *(Hvað má láta uppi um efni verndaráætlunar án þess að þar með sé verið að rjúfa þann trúnað sem um verndaráætlun skal gilda)*
  - 13.4.1 Merkingu vástiga og viðeigandi viðbrögð sem þeir skulu viðhafa skal við mismunandi vástig.
  - 13.4.2 Þekkingu á neyðarráðstöfnunum og (contingency plan)
  - 13.4.3 Hæfileika til að þekkja og greina vopn, hættuleg efni og hættulegan búnað.
  - 13.4.4 Þekkingu á eðli/atferli og hegðunarmunstri manna sem líklegir eru til að ógna siglingaöryggi.
  - 13.4.5 Aðferðir sem beitt er við blekkingar og við að komast framhjá/sniðganga verndaraðgerðum.

## Æfingar.

- 13.5 Markmið æfinga (drill and exercise) skal vera að tryggja að allir í áhöfn skips þekki skyldur sínar og hlutverk (í samræmi við ákvæði verndaráætlunar) við öll vástig og að greina þá veikleika eða galla varðandi siglingavernd, sem nauðsynlegt kann að vera að taka til endurskoðunar.
- 13.6 Æfingar skulu haldnar ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti í þeim tilgangi að tryggja virka færni í framkvæmd (effective implementation) og fullnægjandi árangur ákvæða verndaráætlunar. Þá skulu æfingar auk þess haldnar þegar breyting verður í áhöfn skips og meira en 25% þeirra, sem koma til starfa um borð, hafa ekki tekið þátt í æfingum í viðkomandi skipi síðast liðna 3 mánuði. Í slíkum tilvikum skal halda æfingu innan viku frá því þeir komu til starfa um borð. Verklegar æfingarnar skulu hafa að markmiði að þjálfa einstaka þætti verndaráætlunarinnar svo sem þær ógnanir sem vikið er að í lið 8.9.
- 13.7 Ýmsar aðrar æfingar, (exercises), sem geta farið fram með þátttöku t.d. verndarfulltrúa félags, verndarfulltrúa hafnar og stjórnvalda viðeigandi aðildarríkis auk verndarfulltrúa viðkomandi skips, skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu aldrei líða meira en 18 mánuðir á milli æfinga. Æfingar þessar skulu hafa að markmiði að prófa og þjálfa samskipti, samhæfingu, tiltækan búnað og mannafla ( resource available) og viðbrögð. Slíkar stóræfingar geta verið:
- 13.7.1 Æfingar við raunverulegar aðstæður (full scale or live)
- 13.7.2 (table top simulation or seminar; eða)
- 13.7.3 Æfingar sem falla saman við aðrar æfingar svo sem varðandi leit og björgun eða viðbrögðum í neyð.
- 13.8 Þegar um er að ræða þátttöku félags í æfingu hjá öðru aðildarríki skal áður leita heimildar stjórnvalda (þ.e. fánarríkis skipsins).

## 14. Siglingavernd hafnar.

- 14.1 Viðeigandi leiðbeiningar í greina 15, 16 og 18 gilda.

## 15. Áhættumat hafnar.

### Almennt.

- 15.1 Áhættumat hafnar skal gert af viðurkenndum verndaraðila. Aðeins aðildarríki hafnarinnar getur samþykkt/viðurkennt endanlega verndaráætlun viðkomandi hafna. (Af hverju má ekki höfn sjálf annast gerð áhættumats?)
- 15.2** Ef aðildarríki fær viðurkenndan verndaraðila til að endurskoða og staðfesta verndaráætlun hafnar, skal sá viðurkenndi aðili ekki með nokkrum hætti tengjast þeim viðurkennda verndaraðila sem annaðist áhættumat hafnarinnar, gerð verndaráætlunarinnar eða sem aðstoðaði við undirbúning eða gerð þeirra. (*Sjá ákvæði málsgreinar 1.7.3. Þar segir: “Hins vegar er stjórnvöldum óheimilt að fela viðurkenndum verndaraðilum eftirfarandi skyldur eða verkefni:*
- 1.7.3. að annast viðurkenningu (approving) (godkjennelse) á áhættugreiningu hafna og breytinga á eldri áhættugreiningu hafnar;**

**1.7.4. að annast viðurkenningu á verndaráætlun hafna eða breytinga á eldri verndaráætlun hafnar. “**

*(Ekki verður betur séð en að hér sé á ferðinni ósamræmi í ákvæðum ISPS kóðans, sem nauðsynlegt er að fá úr skorið).*

- 15.3 Áhættumat ætti að ná til eftirfarandi þátta eða hluta hafnarinnar:
  - 15.3.1 Viðeigandi og framkvæmanlegum viðbragðsaðgerðum (physical security, hvað er það nákvæmlega? Það á t.d. ekki við um vopnabúnað manna)
  - 15.3.2 Afmörkun og greiningu áhættuþátta (structural integrity; Hvað er það?)
  - 15.3.3 Personubundinn verndarbúnaður (Personal protection systems, Hvað er það?) (Nær þetta til farþega eða á þetta aðeins við um áhöfn.)
  - 15.3.4 Stefnumótun aðgerða (procedural policies, hvað er það?)
  - 15.3.5 Fjarskipabúnaður, þ.m.t. tölvubúnaður og tengingar; og
  - 15.3.6 Hlutverki hafnar í samgöngumálum.
  - 15.3.7 Gerð og hlutverk hafnar
  - 15.3.8 Aðrir þættir sem, ef þeir yrðu fyrir skemmdum eða notaðir í ólögætum tilgangi (illicit observations), gætu falið í sér ógnun við menn (persons) eignir eða starfsemi innan hafnarinnar.
- 15.4 Þeir sem taka þátt í gerð áhættumats, skulu eiga þess kost að sækja til þess aðstoð sérfróðra manna hvað varðar:
  - 15.4.1 Þekkingu á hefðbundnum ógnunum við siglingavernd og eðli þeirra;
  - 15.4.2 Hæfileika til að þekkja og greina vopn, hættuleg efni og hættulegan búnað;
  - 15.4.3 Þekkingu á atferli og hegðunarmunstri manna sem líklegir eru til að ógna siglingaöryggi;
  - 15.4.4 Aðferðir sem beitt er við blekkingar og við að komast hjá/sniðganga verndaraðgerðum;
  - 15.4.5 Aðferðir notaðar eru til að skapa váatvik eða aðstæður þar sem öryggi er ógnað;
  - 15.4.6 Áhrif sprenginga á mannvirki og starfsemi hafna;
  - 15.4.7 Siglingavernd hafna;
  - 15.4.8 Viðskiptavenjur og hefðir hafna;
  - 15.4.9 Áætlanagerð vegna óvæntra og ófyrirséðra atvika, fyrirbyggandi neyðaraðgerðir og viðbragsáætlanir (contingency plan, emergency preparedness and response);
  - 15.4.10 Viðeigandi og framkvæmanlegum viðbragðsaðgerðum (physical security measures, hvað er það?);
  - 15.4.11 Fjarskipta og samskiptabúnaður, þar með talinn tölvubúnaður og nettengingar;
  - 15.4.12 Flutninga- og byggingaverkfræði; og
  - 15.4.13 Rekstur skip og hafna.

**Greining og mat á eignum og starfsemi sem mikilvægt er að vernda.**

- 15.5 Hlutlægt gildi og mikilvægi einstakra mannvirkja og búnaðar þeirra fyrir starfsemi hafnar fæst með greiningu og mati á mikilvægi eigna og starfsemi viðkomandi hafnar. Slík greining og mat er afar mikilvæg í þeim tilgangi að meta og forgangaraða ráðstöfnunum er hafi að markmiði að styrkja og verja þessi mannvirki og þá starfsemi hafnarinnar sem mikilvægast er að vernda. Þetta mat skal taka til möguleika á manntjóni, fjárhagslegu gildi hafnarinnar og til þess hvort þar er að finna aðsetur opinberra stofnana.

- 15.6 Niðurstöður greiningar og mats á eignum og starfsemi hafna skulu hafa að markmiði að forgangsraða aðgerðum þeim til verndar. Umfram allt skal leggja áherslu á að koma í veg fyrir (death and injury) ógnani,r sem gætu leitt til líkamstjóns eða andláts. Þá er mikilvægt að leggja mat á hvort höfn, þ.e. mannvirki og rekstur geti haldið áfram rekstri án tiltekinnar eignar og síðan að hvaða leyti mögulegt sé að hefja rekstur og eðlilega starfsemi að nýju.
- 15.7 Þær eignir og sú starfsemi sem er áriðandi að verja er:
- 15.7.1 Hvers kyns aðkoma/siglingleiðir að höfninni frá sjó og landi, aksturshlið, innsigling, hafnarlægi og viðlegukantar;
- 15.7.2 Hleðslustöðvar, siglingastöð, vöruhús, geymslur, gámavellir og búnaður til að flytja og meðhöndla farm;
- 15.7.3 Lagnakerfi svo sem rafbúnaður, fjarskiptabúnaður, tölvubúnaður og netkerfi;
- 15.7.4 Umferðarstjórnun hafna og aðstoð við siglingar skipa;
- 15.7.5 Rafstöðvar og rafveita, lagnir til flutnings á farmi, aðgangur að vatni;
- 15.7.6 Brýr, járnbrautir og vegir;
- 15.7.7 Hafnsögubátar, leiðsögubátar og dráttarbátar;
- 15.7.8 Búnaður til eftirlits og vöktunar; og
- 15.7.9 Siglingaleiðir í nágrenni hafnarinnar.
- 15.8 Nákvæm greining á eignum og starfsemi hafna eru forsenda þess að unnt sé að leggja mat á nauðsynlegar verndarráðstafanir hafnarinnar, forgangsöröðun fyrirbyggjandi aðgerða og ákvarðanir um fjárfestingar í búnaði og mannafla með það að markmiði að auka vernd hafnarinnar. (*Hver leggur mat á hvort nóg sé að gert eða hvort nauðsynlegt kunni að vera að bæta um betur.*) Ferlið getur falið í sér samráð við viðeigandi stjórnvöld (relevante myndiheter) að því er varðar mannvirki í nágrenni hafnarinnar, sem gætu valdið skemmdum á mannvirkjum hafnarinnar eða verið notuð í þeim tilgangi að valda skemmdum á hafnarmannvirkjum, til ólöglegs eftirlits eða í þeim tilgangi að villa um og beina athygli annað.

### **Greining hugsanlegra ógnana gagnvart eignum og starfsemi og líkindi þess að þær eigi sér stað í þeim tilgangi að forgangaraða verndarráðstöfunum.**

- 15.9 Greina skal þær aðgerðir sem gætu hugsanlega ógnað eignum og starfsemi hafnar og þær aðferðir sem hugsanlega yrðu notaðar við slíkar aðgerðir í þeim tilgangi að meta veikleika tiltekinna eignar eða líllegrar staðsetningar váatviks og í þeim tilgangi að velja viðeigandi ráðstafanir og forgangsraða þeim með það að markmiði að auðvelda áætlanagerð og öflun fjárveitinga til verkefna á sviði siglingaverndar. Við greiningu og mat á hugsanlegum ógnunum og aðferð við framkvæmd þeirra skal taka tillit til fjölmargra þátta, þar á meðal til áhættumats viðeigandi stjórnvalds (Government agencies). Við greiningu og mati á ógnunum ættu þeir sem annast matsgerðina ekki að gefa sér líklegstu eða mestu hugsanlegu ógnun við höfnina, þegar þeir gera tillögur um aðgerðir og fjárframlög.
- 15.10 Verndaráætlun hafnar skal fela í sér mat sem byggir á samstarfi við viðeigandi þjóðlegar öryggisstofnanir að því er varðar:
- 15.10.1 Þá sérstöðu sem viðkomandi höfn kann að hafa með tilliti til skipaumferðar eða sem gæti valdið því að hún væri talin líklegt “skotmark” (target);

- 15.10.2 Líklegar afleiðingar árasar á eða við höfnina að því er varðar líklegan fjölda látinna, eignatjón, rekstrarleg áhrif, þar með talið áhrif á flutningastarfsemi;
- 15.10.3 Markmið og möguleika þeirra sem hefðu slíkann ásetning; og
- 15.10.4 Þær ólíku aðferðir og aðgerðir við árás sem til greina koma.  
Slíkt mat gefur til kynna þær ógnanir og eðli þeirra sem aðgerðir þurfa að taka mið af.
- 15.11 Í verndaráætlun skal meta allar hugsanlegar ógnanir og sem m.a. gætu falist í eftirfarandi váatvikum:
- 15.11.1 Skemmdir á eða eyðilegging skips eða hafnar s.s. með notkun spengiefnis, með íkveikju, með hryðjuverkaárás eða vegna skemmdarfýsnar;
- 15.11.2 Skipsrán, yfirtaka skips eða taka einstaklinga um borð í því í gíslingu;
- 15.11.3 Skemmdarverk eða tjón á farmi, nauðsynlegum skipsbúnaði eða vistum skipsins
- 15.11.4 Óheimil umferð um skip eða notkun, þar með talið tilvist laumufarþega
- 15.11.5 Vopnasmygl og smygl á búnaði og tækjum, þ.m.t. gjöreyðingarvopnum
- 15.11.6 Notkun skipsins til flutnings á mönnum, sem hafa að markmiði að skapa vávik eða atvik sem hefur áhrif á siglingavernd, og til flutnings á búnaði þeirra.
- 15.11.7 Notkun á skipinu sjálfu sem árásartækis eða í þeim tilgangi að valda skemmdum og eyðileggingu
- 15.11.8 Hindranir í hafnarmynni, skipastigum og innsiglingum
- 15.11.9 Kjarnorku- og efnaárás.
- 15.12 Greiningin skal fela í sér samráð við viðeigandi stjórnvöld (relevante myndigheter) að því er varðar mannvirki í nágrenni hafnarinnar, sem gætu valdið tjóni innan hafnarinnar ef mannvirkin væru notuð í þeim tilgangi að valda þar skemmdum, eða til ólöglegs eftirlits með starfsemi hennar eða í þeim tilgangi að villa um og breina athygli annað.

### **Greining og mat á mótaðgerðum eða breytingum á verklagsreglum og áhrif þeirra við að stykja siglingavernd.**

- 15.13 Skilgreining og forgangs röðun viðeigandi mótmægisaðgerða hefur að markmiði að tryggja að áhrifaríkustu verndarráðstafanir séu viðhafðar við að styrkja hugsanlega veikleika í siglingavernd hafnarinnar og í tengslum skipa og hafnar gagnvart ógnunum.
- 15.14 Verndarráðstafanir skal velja með tilliti til þess hvort þær dragi úr líkum þess að höfnin verði fyrir atlögu (attack) og skal meta með tilliti til upplýsinga sem m.a. lúta að:
- 15.14.1 Tilhögun eftirlits, skoðana og úttekta;
- 15.14.2 Samráði við eiganda hafnar eða rekstarverðaraðila, og eigendur/ rekstarverðaraðila nærliggjandi húseigna, eftir því sem við á;
- 15.14.3 Sögulegra upplýsinga um váatvik; eða
- 15.14.4 Starfsemi innan hafnarinnar.

### **Greining veikleika.**

- 15.15 Greiningu veikleika í mannvirkjum, verndarbúnaði starfsmanna, ferlum og á öðrum sviðum sem geta leitt til váatviks, má nota til að greina þá valkosti sem í boði eru að því er varðar að eyða eða draga úr áhrifum þessara

veikleika. Sem dæmi þá gæti slík greining leitt í ljós tiltekna veikleika í siglingavernd hafnar eða skorti á nauðsynlegri vernd tiltekinnar starfsemi svo sem aðgengi að vatni innan hafnarinnar, sem ráða mætti bót á með (verklegum) (physical measures) ráðstöfunum, svo sem með tilteknum aðgengishindrunum, viðvörunum og búnaði til vöktunar o.s.fr.

- 15.16 Við greiningu á veikleikum skal hugað að eftirfarandi:
- 15.16.1 Aðgengi að höfninni og viðleguköntum af hafi og landi og að skipum sem liggja við akkari;
- 15.16.2 Styrk hafnargarða, viðlegukanta og annarra bygginga;
- 15.16.3 Gildandi verndarráðstöfnunum og aðgerðum, þ.m.t. auðkenniskerfi;
- 15.16.4 Gildandi verndarráðstöfnunum og aðgerðum að því er varðar þá þjónustu sem höfnin veitir og búnað;
- 15.16.5 Ráðstafanir til varnar fjarskiptabúnaði, hafnarþjónustu og búnaðar, þar með talið tölvubúnaði og nettengingum;
- 15.16.6 Svæðum í nágrenni hafnar sem mætti nota til undirbúnings atlögu að höfn;
- 15.16.7 Gildandi samningar við einkarekna öryggisþjónustu hvort heldur á landi eða sjó;
- 15.16.8 Ágreiningsefni hvað varðar öryggisráðstafanir annar vegar og verndarráðstafanir hins vegar og aðgerðir gagnvart þeim;
- 15.16.9 Ágreiningsefni hvað varðar skyldur og fyrirmæli vegna almennrar starfsemi hafnar og vegna verndarráðstafana;
- 15.16.10 Styrkingu og eflingu mannafla (aðgengistakmarkanir?);
- 15.16.11 Sérhverja annmarka eða veikleika sem í ljós koma við æfingar eða þjálfun; og
- 15.16.12 Sérhverja annmarka sem í ljós koma í daglegum rekstri, við váatvik eða viðvaranir, skýrslur um málefni siglingaverndar og við framkvæmd eftilits, úttekir o.s.fr.

## 16. Verndaráætlun hafnar.

- 16.1 Verndarfulltrúi hafnar; PFSO, er ábyrgur fyrir gerð verndaráætlunar fyrir þá höfn/hafnir, PFSP, sem hann er verndarfulltrúi fyrir. Þó svo að ekki sé til þess ætlast að verndarfulltrúinn annist sjálfur allan undirbúning og gerð áætlunarinnar, ber hann ábyrgð á því að verndaráætlunin sé gerð og reynist fullnægjandi.
- 16.2 Innihald verndaráætlunar fyrir einstakar hafnir getur verið breytilegt og fer eftir þeim sérstöku aðstæðum sem gilda um einstakar hafnir. Í áhættumati sérhverrar hafnar eru tilgreindar þær sérstöku aðstæður sem um þá höfn gilda, um þá hugsanlegu áhættu sem fylgir starfsemi hennar og sem hefur leitt til ákvörðunar um að skipa höfninni verndarfulltrúa og um gerð verndaráætlunar. Við gerð verndaráætlunar fyrir hafnir skal taka mið af niðurstöðum áhættumats fyrir viðkomandi höfn ásamt öðrum staðbundnum (local) eða innlendum (national) þáttum á sviði löggæslu og öryggismála. Verndaráætlunin skal tilgreina þær viðeigandi verndarráðstafanir sem, ef þær væru framkvæmdar, gætu lágmarkað líkindi þess að brestur verði í framkvæmd siglingaverndar og lágmarkað afleiðingar áðurgreindrar áhættu. Aðildarríki eru hvött til að gefa út leiðbeingar um gerð og innihald verndaráætlunar fyrir hafnir.
- 16.3 Í verndaráætlun hafna, PFSP, skal:
- 16.3.1 Tilgreina skipulag siglingaverndar innan hafnar;



- 16.3.2 Tilgreina tengsl hafnar við önnur stjórnvöld, um tilhögun samskipta þessara verndaraðila í þeim tilgangi að tryggja virka samhæfingu þeirra, þar með talið skipa í höfnum;
- 16.3.3 Tilgreina þær viðeigandi lágmarks verndarráðstafanir sem viðhafa skal við vástig 1, bæði hvað varðar (operational and physical) skipulagslegar og verklegar aðgerðir;
- 16.3.4 Tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal og sem höfnin er fær um að viðhafa þegar vástig hafnar er fært fyrirvaralaust í vástig 2 og, ef nauðsynlegt er, í vástig 3;
- 16.3.5 Tilgreina tilhögun innra eftirlits og reglubundinna endurskoðana á verndaráætluninni og endurskoðun hennar í ljósi fenginnar reynslu og vegna breytinga á höfninni eða starfsemi hennar; og
- 16.3.6 Tilgreina með hvaða hætti tilkynningum skal komið til tengiliða viðeigandi aðildarríkja.
- 16.4 Gerð fullnægjandi verndaráætlunar skal byggja á vönduðu áhættumati þar sem tekið er á öllum áhættuþáttum sem varða viðkomandi höfn, þar með talið og sérstaklega á mjög ítarlegu mati (appreciation) á (physical) eðlislægum (landfræðilegum) og (operational) skipulagslegum aðstæðum hvernar hafnar um sig. (*Ath hér er gefin opnun fyrir að líta til annarra hluta en girðinga eða vöktunarbúnaðar*).
- 16.5 Aðildarríki skulu viðurkenna verndaráætlun hafna sem eru í þeirra umdæmi. (under their jurisdiction) (*Þetta er orðað öðru vísi í A-hlutanum*). Aðildarríki skulu koma á starfsaðferðum sem viðhafða skal við mat á heildstæðri virkni sérhvernar verndaráætlunar. Aðildarríki geta krafist breytinga á verndaráætlun hvort heldur áður en hún öðast samþykki eða eftir að hún hefur verið samþykkt. (The PFSP should make provisions for the retention of records of security incidents and threats, reviews, audits, training, drills, and exercises.....)Í verndaráætlun skal tilgreina ákvæði eða verklagsreglur varðandi geymslu og förgun skjala um siglingavernd svo sem skýrslna um váatvik eða óganir, endurmats, þjálfunar, æfinga, og annars sem staðfestingu þess að viðeigandi ákvæðum sé fullnægt.
- 16.6 Þær verndarráðstafanir sem tilgreindar eru í verndaráætlun skulu hafa komið til framkvæmda innan hæfilegs frests frá því að verndaráætlun hafnarinnar var samþykkt og skal verndaráætlun tilgreina hvenær einstakar ráðstafanir skuli hafa tekið gildi. Sé líklegt að fresta þurfi gildistöku tiltekinna ráðstafana, skulu eiga sér stað viðræður við aðildarríki það sem ber ábyrgð á samþykki verndaráætlunarinnar og samkomulag gert um viðeigandi tímabundnar ráðstafanir í þann tíma sem nauðsynlegur er og sem veita sambærilega siglingavernd.
- 16.7 Notkun vopna umborð í eða nærri skipum og í höfnum getur haft í för með sér sérstaka og umtalsverða hættu, sérstaklega þar sem hættuleg efni eru til staðar. Notkun skotvopna skal metinn af kostgæfni. Telji aðildarríki nauðsynlegt að starfsmenn hafnar séu vopnaðir þar sem slík efni eru til staðar, skal aðildarríkið tryggja að viðkomandi starfsmenn hafi öðlast rétttindi til að bera slík vopn, hafi fengið þjálfun í meðferð þeirra og að þeir séu meðvitaðir um þá sérstöku hættu sem ávallt er til staðar á slíkum svæðum. Veiti aðildarríki heimild til þess að vopnum sé beitt, skulu þau gefa út sérstakar leiðbeiningar um notkun þeirra. Í verndaráætlun skal vera að finna sérstakar leiðbeiningar um þetta efni og sérstaklega að því er varðar notkun þeirra um borð í skipum sem flytja hættuleg efni.

## **Skipulag og framkvæmd siglingavendar í höfnum.**

- 16.8 Til viðbótar þeim leiðbeiningum sem fram koma í lið 16.3 skal verndaráætlun kveða á um eftirfarandi atriði við sérhvert vástig:
- 16.8.1 Skipurit og verksvið þeirra sem starfa að siglingavernd;
  - 16.8.2 Skyldur, ábyrgð og þjálfunarkröfur allra þeirra sem starfa að siglingavernd innan hafnarinnar ásamt ákvæðum um starfsmat til að meta hæfi og gæði þeirra starfa sem þeir inna af hendi;
  - 16.8.3 Tengsl siglingaverndar hafnarinnar við önnur innlend eða svæðisbundin stjórnvöld á sviði löggæslu og öryggismála;
  - 16.8.4 Samskiptabúnað sem gefur kost á beinum og stöðugum samskiptum milli starfsmanna hafnarinnar og skipa sem eru í höfninni, og þegar það á við, við innlend eða svæðisbundin stjórnvöld á sviði löggæslu og öryggismála;
  - 16.8.5 Verklagsreglur og fyrirbyggjandi aðgerðir sem tryggja að ávallt se unnt að viðhalda stöðugum samskiptum milli ofangreindra verndaraðila;
  - 16.8.6 Verklagsreglur og fyrirmæli í þeim tilgangi að vernda viðkvæmar upplýsingar um siglingavernd, hvort heldur á pappír eða á rafræmum hætti, sem ekki skulu aðgengilegar án heimildar;
  - 16.8.7 Verklagsreglur sem hafa að markmiði að meta áhrif og gildi þeirra verndarráðstafana sem viðhafðar eru, einstakra aðgerða og þess búnaðar er fyrir hendi er, þar með talið greiningu þessara þátta, viðbragða við þeim, bilana í tækjum og búnaði;
  - 16.8.8 Verklagsreglur varðandi rannsókn og mat á atvikum þegar uppvíst er um hugsanlega bresti í siglingavernd eða skyldum málefnum;
  - 16.8.9 Verklagsreglur um meðhöndlun/afgreiðslu farms;
  - 16.8.10 Verklagsreglur varðandi meðhöndlun/afgreiðslu vista til skipa;
  - 16.8.11 Verklagsreglur varðandi sískráningu hættulegra efna og hættulegs farms, staðsetningu þessara efna innan hafnarinnar og breytingum þar á;
  - 16.8.12 Fyrirmæli um með hvaða hætti tilkynningum til eða beiðni um sérhæfða aðstoð svo sem um vöktun hafnarinnar af sjó, um liðsveitir sérfræðinga, svo sem sprenguleitarflokks og kafara, skuli komið á framfæri við viðkomandi aðilda og við hvaða skilyrði/aðstæður;
  - 16.8.13 Verklagsreglur um aðstoð við verndarfulltrúa skips þegar um er að ræða að bera kennsl á þá sem óska eftir að komast um borð í skip, þegar þess er óskað; og
  - 16.8.14 Verklagsreglur um tilhögum landleyfis áhafnar eða við áhafnarskipti og varðandi aðgangsheimild til þeirra gestkomandi sem óska eftir að komast um borð í skip, þar með talið fulltrúa sjómannaheimila eða stéttarféлага.
- 16.9 Hér eru tilgreindar þær verndarráðstafanir sem skulu tilgreindar fyrir mismunandi vástig:
- 16.9.1 Aðgangur að höfn;
  - 16.9.2 Bannsvæði innan hafnar;
  - 16.9.3 Meðhöndlun farms;
  - 16.9.4 Afhending á vistum til skipa;
  - 16.9.5 Meðhöndlun farangurs án eiganda; og
  - 16.9.6 Vöktun hafnar.

### Aðgangur að höfn.

- 16.10 Verndaráætlun hafnar skal skilgreina þær verndarráðstafanir sem gilda skulu um hliðvörslu í öllum hliðum eða aðkomuleiðum að höfninni og sem tilgeindar skulu í verndaráætluninni.
- 16.11 Um sérhvert hlið/aðkomuleið skal verndaráætlun tilgreina þær viðeigandi takmarkanir eða lokanir sem gilda skulu fyrir hvert vástig. Verndaráætlun skal tilgreina hvers konar takmarkanir eða lokanir skulu gilda við hvert vástig og um með hvaða hætti slík skuli framkvæmt.
- 16.12 Verndaráætlun hafnar skal tilgreina fyrir hvert vástig með hvaða hætti borin skuli kennsl á þá sem eiga erindi inn í höfnina og þá sem fengið hafa heimild til að vera á ferð innan hafnarinnar. Nauðsynlegt kann vera að setja upp sérstakan auðkennisbúnað fyrir annars vegar varanlegt auðkenni vegna starfsmanna hafnarinnar og hins vegar tímabundið auðkenni fyrir þá, sem eiga tímabundið erindi innan hafnarinnar. Sérhvert auðkenniskerfi hafnar skal, þegar því verður við komið, samræmt því auðkenniskerfi sem notað er af skipum sem eru í reglubundnum siglingum til viðkomandi hafnar. Farþegum skal gert að leggja fram brottfararspjöld, farmiða o.s.fr. til staðfestingar á hver þeir séu, en skal ekki leyfður aðgangur að bannsvæðum þar sem óheimill aðgangur er bannaður, nema undir eftirliti. Í verndaráætlun skulu vera ákvæði sem mæla fyrir um að búnaður og aðferðir til staðfestingar á skilríkjum eða auðkenni sé reglulega endurskoðaður og að brot á þessum ákvæðum hafi í för með sér viðurlög.
- 16.13 Þeir sem ekki vilja eða ekki geta gert grein fyrir sér með skilríkjum og/eða staðfest það erindi sem þeir eiga innan hafnarinnar, þegar þess er krafist, skal vísað frá og ósk þeirra um aðgang að höfninni hafnað. Tilraun þeirra til að komast inn í höfnina skal tilkynna til verndarfulltrúa hafnarinnar og til þess stjórnvalds (local authorities) sem ber ábyrgð á siglingaverndarmálefnum.
- 16.14 Verndaráætlun skal tilgreina hvar framkvæma skuli leit á fólki, í handfangri þess og í bifreiðum. Slíka leit skal vera unnt að framkvæma samfellt og óháð veðri og með þeirri tíðni sem mælt er fyrir um í verndaráætlun. Að lokinni leit skal fólki, handfangri og bifreiðum vísað inn á lokað afgirt svæði áður en farið er um borð í skip, sé ekki haldið rakleiðis um borð í skipið.
- 16.15 Verndaráætlun skal gefa fyrirmæli um að fólk og handfangur þeirra, sem gerð hefur verið leit á, skuli aðskilið frá því fólki og farangri sem ekki hefur verið gerð leit á og ef mögulegt er að fólki sem er að stiga frá borði skips sé aðskilið frá því fólki sem er á leið umborð í þeim tilgangi að tryggja að þeir sem ekki hafa sætt leit, geti átt samskipti við þá sem leit hefur verið gerð á.
- 16.16 Verndaráætlun skal tilgreina tíðni sérstakts eftirlits við umferð inn til hafnar, sérstaklega þegar um er að ræða tilviljanakennda úrtakskönnun.

#### *Vástig 1.*

- 16.17 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þá staði þar sem eftirlit fer fram með umferð inn í höfnina (control point) og þar sem einhverjar eftirfarandi verndarráðstafanir má viðhafa:
- 16.17.1 Svæði þar sem aðgangur er takmörkunum bundinn skal umlykja með girðingu eða hindrunum í samræmi við staðal sem aðildarríki setja;

- 16.17.2 Skilríki allra þeirra sem leita eftir heimild til að fara inn í höfnina vegna skips sem þar er statt, þar með talið farþegar, áhafnir skipa og gestkomandi, skulu sæta eftirliti og skal leita staðfestingar á ferðum viðkomandi með því t.d. að kanna (joining instructions), farmiða, brottfararspjöld, verk beiðnir o.s.fr.;
- 16.17.3 Bifreiðar þeirra, sem óska eftir að aka þeim inn í höfnina í tengslum við skip sem þar er statt, skulu sæta eftirliti; *(Ath að hér er sérstaklega vikið að því að um sé að ræða tengsl við skip. Ef viðkomandi á erindi við farm sem ekki er hluti af skipi, virðist þessi regla ekki eiga við). (Þetta kann einnig að eiga við um lið 16.17.2)*
- 16.17.4 Skilríki þeirra sem við höfnina starfa eða innan hennar og bifreiðar viðkomandi skal kanna;
- 16.17.5 Aðgangs að höfninni skal takmarka við þá sem þar starfa, nema þeir geti (establish their identity) fært sönnur á hver þeir séu;
- 16.17.6 Leit skal framkvæma á fólki (farþegum), handfarangri þeirra, bifreiðum og innihaldi þeirra; og
- 16.17.7 Læsa og loka þeim hliðum og þá stöðum, þar sem komast má inn á hafnarsvæðið, sem ekki er notaðir reglulega.
- 16.18 Við vástig 1 skulu allir þeir sem óska eftir að fara inn í höfn gera ráð fyrir að á þeim kunni að verða leitað. Tíðni slíkrar leitar, þar með talið tilviljanakennd leit skal tilgreina í viðurkenndri verndaráætlun og skal sæta sérstöku samþykki aðildarríkis. Nema að sérstakar aðstæður með tilliti til siglingaverndar kerfist þess, skulu skipverjar skips ekki annast leit á skipsfélögum sínum eða handfarangur þeirra. Slíka leit skal framkvæma á þann hátt sem tryggir mennréttindi viðkomandi og þess gætt að raska ekki sjálfsvirðingu eða sára blygðunarkennd þeirra sem í hlut eiga.

### Vástig 2.

- 16.19 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal og sem gætu falist í eftirfarandi:
- 16.19.1 Styrkja vaktstöðu með auknu starfsliði í hliðum og við eftirlit meðfram girðingum og hindrunum;
- 16.19.2 Takmarka fjölda opinna hliða að höfninni, skilgreina þau hlið sem loka skal og þær aðferðir sem viðhafa skal varðandi eftirlit með þeim;
- 16.19.3 Gera ráðstafnir til þess að gera akstur bifreiða um þau hlið, sem opin eru, erfiðari t.d. með vegatálmum og hindrunum;
- 16.19.4 Auka tíðni leitar á fólki, í handfarangri og bifreiðum;
- 16.19.5 Hafna aðgengi gestkomandi, sem ekki geta lagt fram staðfestanlegar skýringar á erindi þeirra inn í höfnina;
- 16.19.6 Nota eftirlitsbáta til að auka viðbúnað sjómegin í höfninni;

### Vástig 3

- 16.20 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér:

- 16.20.1 Heimild til aðgangs að höfninni til þeirra eingöngu sem hafa það hlutverk að bregðast við váatvikum og ógnunum;
- 16.20.2 Banna umferð fótgangandi og akandi um höfnina eða hluta hennar;
- 16.20.3 Auka fjölda eftirlitsferða innan hafnarinnar, ef við á;
- 16.20.4 Stöðva allra starfsemi innan hafnarinnar eða hluta hennar;
- 16.20.5 Færa skip til innan hafnarinnar með tilliti til hafnarinnar allrar eða hluta hennar; og
- 16.20.6 Ákvörðun um að höfnin eða hlutar hennar skuli yfirgefin.

### **Bannsvæði (Restricted areas) innan hafnar.**

- 16.21 Verndaráætlun skal tilgreina þau svæði sem flokkast sem bannsvæði, þ.e. svæði þar sem óviðkomandi umferð er bönnuð. Umfang svæðisins skal skilgreint, tímallengd tilgreind, ef um tímabundna ráðstöfun er að ræða, og verndarráðstafanir varðandi eftirlit með aðgengi tilgreindar ásamt verndarráðstöfunum vegna eftirlits með starfsemi innan svæðisins. Slíkar verndarrástafanir geta einnig falið í sér fyrirmæli um skoðun þeirra svæða sem tímabundið eru notuð sem bannsvæði, hvort heldur er áður en þau eru skilgreind sem slík og eftir hlutverki þeirra er lokið. Markmið með bannsvæðum er að:
  - 16.21.1 Vernda farþega, áhafnir skipa, starfsmenn hafna og gestkomandi, þar með talda þá sem eiga erindi um borð í skip í höfninni;
  - 16.21.2 Vernda höfnina;
  - 16.21.3 Vernda skip sem eru í viðkomandi höfn;
  - 16.21.4 Vernda rými og svæði innan hafnar sem hýsa viðkvæmar upplýsingar eða búnað;
  - 16.21.5 Vernda vöktunarbúnað og annan búnað til eftirlits með umferð manna; og
  - 16.21.6 Hindra að átt sé við farm eða vistir til skipa.
- 16.22 Verndaráætlun skal tryggja að öll bannsvæði hafi vel skilgreindar verndarráðstafanir hvað varðar eftirlit með:
  - 16.22.1 Takmörkun aðgengis;
  - 16.22.2 Akstri bifreiða inn á svæðið, stöðu bifreiða innan þess, lestun og losun farms úr bifreiðum;
  - 16.22.3 Flutningi og geymslu á farmi og vistum til skipa; og
  - 16.22.4 Farangri án eiganda eða handfarangur.
- 16.23** Í verndaráætlun mæla fyrir um að bannsvæði skuli merkja sérstaklega sem slík og þar sem fram komi að aðgangur að þeim sé óheimill án sérstakrar heimildar og að umferð manna inn á og innan svæðisins án heimildar teljist brestur í siglingaöryggi hafnarinnar. (*Þyrfti einnig að tiltaka refsingu við brotum á reglum*)
- 16.24 Þegar sjálfvirkur skynjunarbúnaður, sem gerir viðvart um umferð manna um bannsvæði hefur verið komið fyrir og gefur merki um umferð manna innan svæðisins, skal merkið setja af stað viðvörðun í stjórnstöð sem getur síðan brugðist við merkinu.
- 16.25 Bannsvæði geta verið:
  - 16.25.1 Svæði næst skipi, hvort heldur landmegin eða sjómegin;
  - 16.25.2 Svæði þar sem farþegar fara að og frá borði skips, svæði þar sem farþegar og áhöfn bíða þess að fara að og frá borði, þ.m.t. þau svæði þar sem leit fer fram;
  - 16.25.3 Svæði þar sem lestun og losun farms eða vista á sér stað;

- 16.25.4 Svæði sem hafa að geyma viðkvæmar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um farm;
- 16.25.5 Svæði þar sem hættuleg efni eru geymd;
- 16.25.6 Rými þar sem umferðastjórn skipa fer fram, aðstoð við siglingar og þaðan sem eftirliti með skipum er stjórnað, þ.m.t. rými þaðan sem vöktun svæða er stjórnað;
- 16.25.7 Svæði þar sem verndarbúnaður og vöktunarbúnaður er staðsettur;
- 16.25.8 Svæði eða rými þar sem mikilvægur rafbúnaður og samskiptabúnaður er staðsettur þar með talið stjórnun á vatnsinntaki og öðrum veitutengingum; og
- 16.25.9 Önnur svæði þar sem tilefni er til að takmarka umferð skipa, bifreiða eða manna.
- 16.26 Verndarráðstafanir hafna geta náð til takmarkana á umferð til mannvirkja sem liggja utan hafnarinnar, þaðan sem unnt er að fylgjast með starfsemi innan hafnarinnar, fallist viðeigandi stjórnvöld á slíka ráðstöfun.

### *Vástig 1*

- 16.27 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal á bannsvæðum og sem gætu falið í sér eftirfarandi:
  - 16.27.1 Uppsetningu hindrana umhverfis bannsvæðið, annað hvort tímabundið eða varanlega í samræmi við þann staðal sem aðildarríki tilgreinir;
  - 16.27.2 Uppsetningu hliðvörslu þaðan sem unnt er að hafa stjórn á aðgengi að svæðinu með vaktmönnum og sem unnt skal vera að loka þegar umferð um hliðið er bönnuð;
  - 16.27.3 Útbúa sérstök aðgengiskort til nota fyrir þá sem þurfa að komast inn á bannsvæðið og sem þeir geta lagt fram því til staðfestingar að þeir hafi heimild til að vera innan svæðisins;
  - 16.27.4 Auðkenna þær bifreiðar sem heimild fá til að aka inn á svæðið;
  - 16.27.5 Koma á vaktstöðu eða skipuleggja eftirlitsferðir;
  - 16.27.6 Koma fyrir sjálfvirkum búnaði sem gerir viðvart um umferð innan svæðisins eða vöktunarbúnaði; og
  - 16.27.7 Eftirlit með umferð bifreiða í námunda við þau skip, sem liggja í höfninni.

### *Vástig 2.*

- 16.28 Við vástig 2 skal verndaráætlun hafnar tilgreina það aukna eftirlit sem viðhafa skal með bannsvæðum með aukinni tíðni og nákvæmara eftirliti og vöktun þeirra. Verndaráætlun skal mæla fyrir um viðbótar verndarráðstafanir sem gætu falist í eftirfarandi:
  - 16.28.1 Auka virkni og áhrif þeirra hindrana sem komið hefur verið upp umhverfis bannsvæði, þ.m.t. aukna tíðni eftirlitsferða og sjálfvirkra nema;
  - 16.28.2 Fækkun þeirra hliða þaðan sem mögulegt er að komast inn á bannsvæðið og auka eftirlit í þeim hliðum sem eftir standa;
  - 16.28.3 Bann við því að bifreiðum sé lagt nærri skipum;
  - 16.28.4 Frekari takmörkun aðgangs að bannsvæðum, umferðar innan þeirra eða til geymslu í þeim;
  - 16.28.5 Notkun búnaðar sem gerir mögulegt að fylgjast stöðugt með umferð á svæðinu og upptöku á slíku efni;

- 16.28.6Auka tíðni og fjölda eftirlitsferða um svæðið, einnig sjómegin, bæði meðfram mörkum þess og innan;
- 16.28.7Takmarka umferð um svæði, sem liggja að bannsvæðum; og
- 16.28.8Framfylgja takmörkunum á umferð bifreiða næst þeim skipum sem þar liggja án heimildar.

### *Vástig 3.*

- 16.29 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér:
  - 16.29.1Skilgreina sérstök viðbótar svæði sem bannsvæði, tímabundið með hliðsjón af því váatviki sem brugðist er við og meinta staðsetningu þeirrar ógnunar sem í því váatviki fellst og banna aðgang að því bannsvæði.
  - 16.29.2Undirbúa leit í höfninni allri eða hluta hennar.

### **Meðhöndlun farms.**

- 16.30 Verndarsráðstafanir að því er varðar meðhöndlun farms geta verið eftirfarandi:
  - 16.30.1Koma í veg fyrir að átt sé við farm; og
  - 16.30.2Koma í veg fyrir að farmur, sem ekki er gert ráð fyrir að sé fluttur, komi inn í höfnina eða sé vistaður þar.
- 16.31 Verndarráðstafanir skulu fela í sér verklagsreglur að því er varðar eftirlit með farmi og innihaldi hans þegar hann kemur inn í höfnina. Þegar farmur er kominn inn í höfnina, skal hann vera auðkenndur með þeim hætti að unnt sé að staðfesta síðar að farmurinn hafi verið kannaður og samþykktur við komu inn í höfnina annað hvort til lestunar um borð í skip eða til geymslu á bannsvæði meðan hann bíður flutnings. Það kann að vera nauðsynlegt að hafna viðtöku á farmi þegar staðfestur afskipunardagur er ekki þekktur eða tilgeindur.

### *Vástig 1.*

- 16.32 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farms og sem gætu falið í sér eftirfarandi:
  - 16.32.1Reglubundið eftirlit með farmi, tækjum til flutnings á farmi og geymslusvæðum innan hafna, áður en starfsemi við meðhöndlun farms hefst og meðan á henni stendur;
  - 16.32.2Ganga úr skugga um að farmur, sem kemur til hafnarinnar, samsvari því sem tilgreint er fylgiskjöllum;
  - 16.32.3Framkvæma leit í bifreiðum; og
  - 16.32.4Kanna innsigli eða nota aðrar leiðir til að koma í veg fyrir að átt sé við farm við komu til hafnar eða á meðan að hann er geymdur innan hafnarinnar.
- 16.33 Könnun á farmi má framkvæma með einum eða fleiri eftirfarandi leiðum.
  - 16.33.1Með sjón- og raunskoðun

16.33.2 Með notkun tækja, sem skanna eða mynda innihald farms, eða með notkun hunda.

16.34 Þegar um er að ræða reglubundnar afskipanir, geta verndarfulltrúi félags eða verndarfulltrúi skips í samráði við höfnina fallist á fyrirkomulag þar sem farmeigandi (shipper) eða annar sá sem ábyrgur er fyrir slíkum farmi, annast eftirlit með, innsiglingu, áætlanagerð og skjalagerð o.s.fr. utan hafnarinnar vegna viðkomandi farms. Slíkt fyrirkomulag skal lagt fyrir verndarfulltrúa hafnar og skal háð samþykki hans.

#### Vástig 2

16.35 Við vástig 2 skal verndaráætlun hafnar tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun farms með það að markmiði að auka eftirlit með honum og sem gætu falið í sér eftirfarandi:

16.35.1 Ítarlegt eftirlit með farmi, tækjum til flutninga á farmi og geymslusvæðum innan hafna;

16.35.2 Aukið eftirlit með því að aðeins sá farmur sem skjalfestur er fyrirfram, fari inn í höfnina og sé geymdur þar tímabundið áður en hann er lestaður um borð;

16.35.3 Aukið eftirlit með bifreiðum á leið inn í höfnina.

16.35.4 Aukin tíðni og umfang vegna eftirlits með innsigli eða öðrum ráðstöfnunum til að koma í veg fyrir að átt sé við farm.

16.36 Ítarlegt eftirlit með farmi má framkvæma með einum eða fleiri eftirfarandi háttá:

16.36.1 Aukin tíðni og umfang eftirlits með farmi, flutningstækjum og farmi sem geymdur er innan hafnarinnar (með sjón- og raunskoðun Visual and physical examination).

16.36.2 Aukinni notkun tækja og búnaðar við skönnun á innihaldi farms eða notkun hunda;

16.36.3 Samræma aukið eftirlit því aukna eftirliti sem farmeiganda (shipper) eða öðrum ábyrgum fyrir eftirliti farms utan hafnar skal gert að framfylgja.

#### Vástig 3.

16.37 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér:

16.37.1 Takmarkanir á eða bann við flutningi á farmi eða við starfsemi innan hafnarinnar eða hluta hennar eða vegna tiltekinna skipa; og

16.37.2 Kanna og staðfesta magn og staðsetningu hættulegra efna innan svæðisins.

#### Afhending á vistum til skipa.

16.38 Þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal varðandi meðhöndlun vista til skipa skulu hafa að markmiði að:

16.38.1 Tryggja skoðun og eftirlit með vistum til skipa og að ekki hafi verið átt við umbúðir þeirra;

16.38.2 Koma í veg fyrir að vistir til skips komist inn í höfn án skoðunar;

16.38.3 Koma í veg fyrir að átt sé við farm;



- 16.38.4Koma í veg fyrir að vistir til skipsins fái aðgang að höfn án þess að þær hafi sannanlega verið pantaðar;
- 16.38.5Tryggja leit í bifreiðum sem flytja vistir til skipa inn í höfnina; og
- 16.38.6Tryggja að bifreiðum sem flytja vistir til skipa fái fylgd innan hafnarinnar. *(Hvað með skip sem leggjast utan á kaupskip og dæla að þeim olíu. Er tilefni til þess að viðhafa eitthvað eftirlit með þeim)*
- 16.39 Þegar um er að ræða skip sem eru í reglubundum siglingum til hafnarinnar, skal vera heimilt að koma á verklagsreglum sem ná til viðkomandi skipa, birgja, og hafnarinnar að því er varðar tilkynningar um afskipanir, afhendingu á vistum og skjalagerð í því sambandi. Slíkar verklagsreglur skulu fela í sér að ávallt skal vera unnt að sannreyna að þær vistir sem koma til afhendingar hafi verið pantaðar af viðkomandi skipi.

#### Vástig 1.

- 16.40 Við vástig 1 skal verndaráætlun skips tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við eftirlit með vistum til skipa og sem gætu falið í sér eftirfarandi:
- 16.40.1Eftirlit með vistum til skipa;
- 16.40.2Tilkynningar sendar fyrirfram varðandi innihald vista, auðkenni fyrir ökumann og skráningarnúmer bifreiðar; og
- 16.40.3Leit í bifreið þeirri sem afhendir vistirnar.
- 16.41 Eftirlit með vistum til skipa getur falið í sér eftirfarandi:
- 16.41.1Sjónræn raunskoðun; og
- 16.41.2Notkun tækja og búnaðar eða hunda.

#### Vástig 2.

- 16.42 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal við aukið eftirlit með afhendingu á vistum til skipa og sem geta falið í sér eftirfarandi:
- 16.42.1Aukið eftirlit með vistum til skipa;
- 16.42.2Aukið umfang og tíðni leitar í bifreiðum;
- 16.42.3Samstarf við áhöfn skips varðandi eftirlit með því að innihald þeirra vista sem koma til afhendingar séu í samræmi við það sem pantað var; og
- 16.42.4Veita bifreiðum sem afhenda vistir til skipa fylgd innan hafnarinnar.
- 16.43 Aukið eftirlit með vistum til skipa getur falið í sér:
- 16.43.1Aukna tíðni og umfang leitar í bifreiðum sem koma með vistir til skipa;
- 16.43.2Aukna tíðni notkunar tækja og búnaðar við eftirlit eða notkun hunda; og
- 16.43.3Takmarkanir á eða bann við afhendingu vista til skipa sem ekki er gert ráð fyrir að yfirgefi höfnina innan tiltekins tíma.

#### Vástig 3.

- 16.44 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér takmörkun á eða bann við afhendingu á vistum til skipa innan hafnarinnar eða hluta hennar.

## Meðhöndlun á farangri án eiganda.

16.45 Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal í þeim tilgangi að tryggja að farangur án eiganda (þ.e. farangur, þar með talið personulegar eigur, sem hvorki farþegar eða skipverjar skips kannast við að eiga þegar eftirlit eða leit fer fram ) sé tekinn til skoðunar, kennsl borinn á hann, hann gegnumlýsur áður en hann er opnaður til leitar og áður en að heimild er gefin til að hann megi vista innan hafnarinnar eða hann fluttur um borð í skip. Ekki er tilefni til þess að slíkur farangur sé gegnumlýstur af bæði skipi og höfn og þegar bæði skip og höfn hafa sambærilega aðstöðu til gegnumlýsingar skal höfnin bera ábyrgð á gegnumlýsingunni. Við eftirlit með slíkum farangri skal eiga náíð samstarf við viðkomandi skip og skulu ráðstafanir gerðar til að tryggja vernd hans eftir gegnumlýsingu.

### Vástig 1.

16.46 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlun á farangri án eiganda og sem felur í sér sér gegnumlýsingu hans eða leit í honum í allt að 100 % tilvika og sem getur falið í sér röntgenmyndatökur.

### Vástig 2.

16.47 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal við meðhöndlum farangurs án eiganda og sem fellst í röntgenmyndatöku af slíkum farangri í 100% tilvika.

### Vástig 3.

16.48 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér:

16.48.1 Aukna gegnumlýsingu á slíkum farangri t.d. frá tveim hliðum;

16.48.2 Takmörkun á eða bann við meðhöndlun á farangri án eiganda; og

16.48.3 Bann við móttöku farangurs án eiganda til hafnarinnar. *(Hvað með ef slíkur farangur finnst um borð í skipi sem er að koma til hafnarinnar. Hvað á að gera við slíkan farangur? Taka hann inn í höfnina til skoðunar eða er hann alfarið vandamál skipsins?).*

## Vöktun hafnar.

16.49 Þeir sem bera ábyrgð á siglingavernd innan hafnar skulu geta haft stöðugt eftirlit með höfninni og aðkomuleiðum að henni, hvort heldur á landi eða sjó, einnig að nóttu til eða þegar skyggni er takmarkað. Slíkt eftirlit skal einnig ná til bannsvæða innan hafnarinnar, skipa innan hafnarinnar og næsta umhverfis við skipin. Slíkt eftirlit má viðhafa með:

16.49.1 Góðri lýsingu

- 16.49.2 Gangandi, akandi og siglandi eftirlitsvörðum; og
- 16.49.3 Sjálfvirkum búnaði sem gerir viðvart um umferð innan bannsvæðis eða með vöktunarbúnaði (surveillance equipment).
- 16.50 Sjálfvirkur búnaður sem gerir viðvart um umferð innan lokað svæðis skal gefa hljóð- og/eða ljósviðvörðun til stjórnstöðvar, sem er stöðugt vöktuð.
- 16.51 Verndaráætlun skal tilgreina þær verklagsreglur og þann búnað sem nauðsynlegur er á sérhverju vástigi og til að tryggja að eftirlitsbúnaður geti starfað samfellt og eðlilega, með sérstöku tilliti til áhrifa veðurs og straumrofs.

#### *Vástig 1.*

- 16.52 Við vástig 1 skal verndaráætlun tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal og sem geta verið sambland lýsingar, eftirlitsvörslu og notkunar verndar- og vöktunarbúnaðar og sem gerir starfsmönnum hafnarinnar mögulegt að:
  - 16.52.1 Fylgjast með helstu svæðum hafnarinnar, þ.m.t. aðkomuleiðum á landi og sjó;
  - 16.52.2 Fylgjast með hliðum að höfninni, hindrunum og bannsvæðum; og
  - 16.52.3 Fylgjast með svæðum og umferð í nágrenni skipa sem í höfninni liggja, með aukinni lýsingu sem skipin geta lagt til sjálf.

#### *Vástig 2.*

- 16.53 Við vástig 2 skal verndaráætlun tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal við eftirlit og vöktun og sem geta falið í sér:
  - 16.53.1 Aukna lýsingu í ljósstyk og landfræðilega og/eða ásamt aukinni notkun vöktunarbúnaðar;
  - 16.53.2 Aukinni umferð gangandi, akandi og siglandi eftirlitsvarða; og
  - 16.53.3 Auka fjölda starfsmanna við eftirlit og vöktun.

#### *Vástig 3.*

- 16.54 Við vástig 3 skal höfn fullnægja þeim fyrirmælum sem gefin eru af því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á viðbrögðum við váatvikum og ógnunum við siglingavernd. Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfnin skal viðhafa í nánú samstarfi við þá sem bera ábyrgð á siglingavernd og þau skip sem þar liggja og sem geta falið í sér:
  - 16.54.1 Nýta alla tiltæka lýsingu innan hafnarinnar og næsta nágrennis hennar;
  - 16.54.2 Nýta allan tiltækan búnað til eftirlits og vöktunar, sem getur tekið upp starfsemi innan hafnarinnar eða í nágrenni hennar; og
  - 16.54.3 Nýta þann hámarkstíma sem upptökubúnaður eftirlits- og vöktunarbúnaðar er hannaður fyrir.

#### **Mismunandi vástig.**

- 16.55 Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfn skal viðhafa, ef vástig hafnar er lægra en skips sem kemur til hafnarinnar.
- 16.56 Verndaráætlun skal tilgreina þær verndarráðstafanir sem höfn skal viðhafa þegar:

- 16.56.1 Höfnin á tengsl við skip, sem hefur áður komið til hafnar í ríki, sem ekki er aðildarríki;
- 16.56.2 höfnin á tengsl við skip sem þessi kóði gildir ekki um, (**ATH FISKISKIP, Hvenær telst höfn eiga tengsl við skip? Þýðir þetta að höfn sem fiskiskip koma til hafnar í, getur ekki átt tengsl við skip sem ákvæði ISPS kóðans nær til. Hvað með strandflutningaskip, sem flytja vörur af landsbyggðinni og sem ekki falla undir ákvæði þessa kóða. Ef slíkt skip kemur til hafnar í Reykjavík, kemur þá upp sú staða að höfnin á tengsl við skip sem kóðinn gildir ekki um. ÞETTA ÞARF AÐ SKOÐA!!!!**);og  
eða höfninni sjálfri senda skuli inn til samþykktar.

### **Samþykki á verndaráætlun hafna.**

- 16.56.3höfnin á tengsl við tengsl við fasta eða fljótandi borpalla eða færanlega borpalla þegar þeir eru á borunarstað.

### **Yfirlýsing um siglingavernd.**

- 16.57 Verndaráætlun skal tilgreina þær verklagsreglur sem viðhafa skal þegar verndarfulltrúi hafnar fer fram á útgáfu yfirlýsingar um siglingavernd á grundvelli fyriræla aðildarríkis eða þegar skip fer fram á útgáfu slíkrar yfirlýsingar.

### **Endurskoðun og breytingar.**

- 16.58 Verndaráætlun skal tilgreina með hvaða hætti verndarfulltrúi hafnar skuli endurskoða gildandi verndaráætlun og þær verklagsreglur sem viðhafa skal við endurskoðun og breytingar á áætluninni.
- 16.59 Verndaráætlun skal taka til endurskoðunar þegar verndarfulltrúi hafnarinnar telur tilefni til þess. Auk þess skal hún endurskoðuð:
- 16.59.1 Þegar áhættumatið, sem verndaráætlunin hafnarinnar byggir á, breytist;
- 16.59.2 þegar óháð endurmat á verndaráætluninni eða úttekt aðildarríkis á siglingavernd hafnarinnar leiðir í ljós annmarka í skiplagi eða gefur tilefni til að efast um samfelldni og gildi (continuing relevance of significant elements) mikilvægustu þátta hinnar viðurkenndu áætlunar;
- 16.59.3 í kjölfar váatvika eða ógnana sem tengjast höfninni; og
- 16.59.4 í kjölfar breytinga á eignarhaldi eða stjórn hafnarinnar.
- 16.60 Verndarfulltrúi getur gert tillögur um viðeigandi breytingar á viðurkenndri verndaráætlun hafnar í kjölfar endurmats. Breytingar á verndaráætlun svo sem:
- 16.60.1 Tillögur að breytingum sem varðar breytingar á þeirri aðferð og nálgun sem viðhöfð var við áhættumat og sem notuð hefur verið við að viðhalda siglingavernd í höfninni; og
- 16.60.2 Tillögur um að fjarlægja, breyta eða endurnýja varanlegar hindranir, verndar- og vöktunarbúnað o.s.fr. sem áður var talinn mikilvægur hlekkur við að tryggja fullnægjandi siglingavernd innan hafnarinnar;
- skulu sendar aðildarríki því sem samþykkti gildandi verndaráætlun hafnarinnar til umsagnar og samþykktar. Slíkt samþykki má veita af eða í umboði aðildarríkis með eða án athugasemda við fyrirliggjandi tillögur. Við samþykki verndaráætlunar skal aðildarríki gefa til kynna hvaða breytingar á verklagsreglum

- 16.61 Verndaráætlanir hafna skulu háðar samþykki viðeigandi aðildarríkis, sem skal fyrir sitt leyti koma á viðeigandi verklagsreglum varðandi:
- 16.61.1 Málsmæðferð við móttöku umsókna um samþykki á verndaráætlunum;
  - 16.61.2 Málsmæðferð við mat á verndaráætlunum;
  - 16.61.3 Málsmæðgerð við samþykkt á verndaráætlunum með eða án athugasemda;
  - 16.61.4 Málsmæðferð við mat á breytingum á verndaráætlunum sem berast eftir að þær hafa verið samþykktar; og
  - 16.61.5 Skoðanir og eftirlit með samfelldni og gildi (continuing relevance) viðurkenndrar verndaráæltunar.
- Á öllum stigum slíkrar málsmæðferðar skal tryggja viðeigandi leynd um innihald verndaráæltunar.

### **Staðfesting á fullgildingu hafnar. (Statement of compliance)**

- 16.62 Aðildarríki hafnar er heimilt að gefa út viðeigandi yfirlýsingu (Statement of Compliance of a Port Facility, SoCPF,) sem tekur til:
- 16.62.1 (Nafns, staðsetningar eða afmörkunar) viðkomandi hafnar
  - 16.62.2 Yfirlýsingar þess efnis að höfnin fullnægni viðeigandi ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða;
  - 16.62.3 Gildistíma slíkrar yfirlýsingar, sem aðildarríkið ákveður og skal ekki vera til lengri tíma en 5 ára; og
  - 16.62.4 Þeirra ráðstafana, sem viðhafðar hafi verið af aðildarríki til staðfestingar þess að höfnin fullnægi ofangreindu og staðfestingu þess að slíkar ráðstafanir hafi verið framkvæmdar.
- 16.63 Yfirlýsing (SoCPF) skal vera í samræmi við þá fyrirmynd sem sýnd er í viðauka við þennan hluta ISPS-kóðans. Sé það tungumál, sem notað er í yfirlýsingunni, ekki spænska, franska eða enska, getur aðildarríki, ef það telur viðeigandi, krafist þess að efni þess sé þýtt á eitt ofangreindra tungumála.

### **17. Verndarfulltrúi hafnar.**

- 17.1 Í þeim sérstöku tilvikum þegar verndarfulltrúi skips lætur í ljós efasemdir um gildi auðkennisskírteina þeirra, sem leita eftir aðgangi að skipi í opinberum erindagjörðum, skal verndarfulltrúi hafnar kallaður til og skal hann veita nauðsynlega aðstoð.
- 17.2 Verndarfulltrúi hafnar skal ekki ábyrgur fyrir því eftirliti sem fellst í reglubundinni staðfestingu auðkennis þeirra, sem óska eftir aðgangi að skipi innan hafnarinnar.
- Ufram það sem að ofan getur vísast til leiðbeininga við greinar 15, 16 og 18.

### **18. Þjálfun og æfingar í siglingavernd hafnar.**

#### **Þjálfun.**

- 18.1 Verndarfulltrúi hafnar skal hafa þekkingu á og hafa öðlast þjálfun í einhverjum eða öllum eftirfarandi atriða eftir því sem við á:
- 18.1.1 Stjórnun siglingaverndar;
  - 18.1.2 Viðeigandi alþjóðasamþykktum, kóðum og tilmælum;
  - 18.1.3 Viðeigandi landslögum og reglugerðum;
  - 18.1.4 Hlutverki og ábyrgð annarra stofnanna á sviði siglingaverndar;

- 18.1.5 Gerð áhættumats fyrir hafnir;
- 18.1.6 Framkvæmd skoðana og eftirlits með siglingavernd;
- 18.1.7 Rekstri skipa og starfsemi hafna;
- 18.1.8 Verndarráðstöfnum skipa og hafna;
- 18.1.9 Áætlanagerð vegna óvæntra og ófyrirséðra atvika, fyrirbyggandi neyðaraðgerðir og viðbragsáætlanir;(Emergency preparedness and response and contingency planning);
- 18.1.10 Leiðbeiningum til nota við kennslu og æfingar í siglingavernd, þar með talið verndarráðstafanir og aðgerðir;
- 18.1.11 Meðferð viðkvæmra upplýsinga og tilhögun samskipta á sviði siglingaverndar;
- 18.1.12 Þekkingu á hefðbundnum tegundum ógnana við siglingavernd og eðli þeirra;
- 18.1.13 Leit og greiningu á vopnum, eldfimum efnunum og búnaði;
- 18.1.14 Þekkingu á einkennum og hegðunarferli manna, sem eru líklegri en aðrir til að ógna öryggi og vernd ( recognition of .....);
- 18.1.15 Aðferðum, sem notaðar eru til að beita blekkingum gagnvart verndarráðstöfnunum;
- 18.1.16 Verndarbúnaði, tækjum og búnaði og þeim takmörkunum sem þeim eru settir;
- 18.1.17 Aðferðum við framkvæmd úttekta, skoðana, eftirlits og vöktunar;
- 18.1.18 Aðferðum sem beitt er við líkamsleit og non-intrusive inspections !!!;
- 18.1.19 Æfingar í siglingavernd, þar með talið æfingar í höfnum; og
- 18.1.20 Mat á árangri æfinga í siglingavernd.
- 18.2 Starfsmenn hafnar, sem hafa hlutverki að gegna varðandi siglingavernd, skulu hafa þekkingu á og hafa öðlast þjálfun í nokkrum eða öllum eftirfarandi þátta eftir því sem við á:
  - 18.2.1 Þekkingu á hefðbundnum ógnunum við siglingavernd og eðli þeirra.
  - 18.2.2 Hæfileikum til að þekkja og greina vopn, hættuleg efni og hættulegan búnað.
  - 18.2.3 Þekkingu á eðli/atferli og hegðunarmunstri manna sem líklegir eru til að ógna siglingaöryggi.
  - 18.2.4 Aðferðir, sem beitt er við blekkingar og við að komast framhjá/sniðganga verndaraðgerðum.
  - 18.2.5 Hópstjórnun og stjórnunarfræði.
  - 18.2.6 Samskiptum, sem tengjast siglingavernd.
  - 18.2.7 Notkun tækja til siglingaverndar og tengdra kerfa
  - 18.2.8 Prófanir, stillingar og viðhald tækja til siglingaverndar og tengdra kerfa
  - 18.2.9 Eftirlits- og vöktunartækni
  - 18.2.10 Aðferðir við leit á fólki, farangri þeirra og eigum, farmi og geymslum undir vistir skipa.
- 18.3 Allir aðrir sem starfa innan hafnar skulu hafa fullnægjandi þekkingu á og hafa kynnt sér viðeigandi ákvæði verndaráætlunar hafnarinnar, þar á meðal( *Hér er mælt fyrir um að allir þeir sem starfa innan hafnar skuli hafa kynnt sér viðeigandi ákvæði verndaráætlunar hafnar. Eigi að síður er annars staðar gerð sú krafa að verndaráætlun hafnar sé trúnaðarmál og að óheimilt sé að upplýsa um efni hennar.*):
  - 18.3.1 Merkingu vástiga og viðeigandi viðbrögð, sem þeir skulu viðhafa skal við mismunandi vástig.
  - 18.3.2 Hæfileika til að þekkja og greina vopn, hættuleg efni og hættulegan búnað.

- 18.3.3 Þekkingu á eðli/atferli og hegðunarmunstri manna sem líklegir eru til að ógna siglingaöryggi.
- 18.3.4 Aðferðir sem beitt er við blekkingar og við að komast framhjá/sniðganga verndaraðgerðum.
- 18.4 Markmið æfinga (drill and exercise) skal vera að tryggja að allir sem starfa innan hafnar þekki skyldur sínar og hlutverk (í samræmi við ákvæði verndaráætlunar) við öll vástig og að greina þá annmarka eða galla varðandi siglingavernd sem nauðsynlegt kann að vera að taka til endurskoðunar.
- 18.5 Í þeim tilgangi að tryggja virka framkvæmd (effective implementation) ákvæða verndaráætlunar, skulu æfingar haldnar ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, nema sérstakar aðstæður geri kröfu um annað. Verklegar æfingar skulu hafa að markmiði að þjálfra einstaka þætti verndaráætlunarinnar svo sem þær ógnanir sem fram koma í lið 15.11.
- 18.6 Sérstakar æfingar, exercises, með þátttöku t.d. verndarfulltrúa félags, verndarfulltrúa hafnar og viðeigandi stjórnvalda aðildarríkis auk verndarfulltrúa viðkomandi skips, skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu aldrei líða meira en 18 mánuðir á milli æfinga. Stóræfingar þessar skulu hafa að markmiði að prófa samskipti, samhæfingu, tiltækan búnað og mannafla ( resource available) og viðbrögð. Slíkar stóræfingar geta verið:
- 18.6.1 Æfingar (full scale or live)
- 18.6.2 (table top simulation or seminar; eða
- 18.6.3 æfingar sem falla saman við aðrar æfingar svo sem varðandi leit og björgun eða viðbrögðum við neyð.  
(*Hver á að eiga frumkvæði að slíkum æfingum og hvað gerist ef slíkar æfingar hafa ekki veirð haldnar næstliðna 18 mánuði?*)

## 19. Vottun og útgáfa skýrteina.

Engar frekari leiðbeiningar.

Endir.